

Íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Faghóp um samfélagsleg áhrif virkjana, 3. áfangi rammaáætlunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf íbúa í Skaftárhreppi til samfélagslegra áhrifa virkjana
Dagsetning skýrsluskila	12. febrúar 2016

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Félagsvísindastofnun: Andrea G. Dofradóttir Björn Rafn Gunnarsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson Faghópur um samfélagsleg áhrif virkjana: Ásgeir Brynjar Torfason, Dóra Guðrún Guðmundsdóttir Jón Ásgeir Kalmansson Magnfríður Júlíusdóttir Páll Jakob Líndal
Umræðustjórar og ritarar	Andrea G. Dofradóttir – Ólafur Páll Jónsson Ásdís A. Arnalds - Daníel Óli Ólafsson Björn Rafn Gunnarsson – Lára Kristín Sturludóttir Guðlaug J. Sturludóttir – Grétar Atli Davíðsson Hafsteinn Einarsson – Arnór Steinn Ívarsson Helgi Guðmundsson – Tinna Isebarn Jóna S. Gunnarsdóttir – Birkir B. Ingólfsson
Úrvinnsla	Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson
Skýrslugerð	Bylgja Árnadóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Hafsteinn Einarsson



EFNISYFIRLIT

Töfluyfirlit	4
Bakgrunnur verkefnis	6
Framkvæmd og heimtur	7
Úrvinnsla	10
<i>Bakgrunnssupplýsingar</i>	10
Niðurstöður - Spurningakönnun	11
Niðurstöður – Umræður á íbúafundi	34
<i>Helstu niðurstöður</i>	35
<i>Náttúra</i>	38
<i>Breytingar á umhverfi</i>	40
<i>Samfélag – Umræða um virkjanamál og samstaða íbúa</i>	42
<i>Samfélag – Annað</i>	44
<i>Stjórnsmál, áhrif á sveitarfélagið og opinbera þjónustu</i>	46
<i>Efnahagur</i>	48
<i>Atvinna</i>	49
<i>Ferðaþjónusta</i>	52
<i>Framkvæmdir og framkvæmdaaðilar</i>	54
<i>Orkuframleiðsla – Almenn</i>	55
<i>Orkuframleiðsla – Munur á virkjanakostum</i>	57
<i>Nýting</i>	59
<i>Samráð</i>	62
<i>Íbúafundur</i>	64
<i>Samantekt</i>	65
Viðauki	67
<i>Umræðuramma</i>	67
<i>Spurningar umræðuhópa til faghóps</i>	71



TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Framkvæmd símakönnunarinnar	7
Tafla 2.	Mæting á íbúafund	9
Tafla 3.	Bakgrunnsupplýsingar	10
Tafla 4.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag.....	11
Tafla 5.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag – bakgrunnsgreining.....	12
Tafla 6.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla	13
Tafla 7.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla – bakgrunnsgreining	13
Tafla 8.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna?.....	14
Tafla 9.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna - bakgrunnsgreining	15
Tafla 10.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu	15
Tafla 11.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu - Bakgrunnsgreining	16
Tafla 12.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna	17
Tafla 13.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna - bakgrunnsgreining	17
Tafla 14.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skaftárhrepps?	18
Tafla 15.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skaftárhrepps? - bakgrunnsgreining	19
Tafla 16.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins?	19
Tafla 17.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? - bakgrunnsgreining	20
Tafla 18.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa?	21



Tafla 19.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? - bakgrunnsgreining	21
Tafla 20.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar?	22
Tafla 21.	Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar? - bakgrunnsgreining	23
Tafla 22.	Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu?	24
Tafla 23.	Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining	25
Tafla 24.	Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju?	26
Tafla 25.	Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? - bakgrunnsgreining	27
Tafla 26.	Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Búlandsvirkjunar í Skaftá og Tungufljóti?	28
Tafla 27.	Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Búlandsvirkjunar í Skaftá og Tungufljóti? - bakgrunnsgreining	29
Tafla 28.	Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Hólmsárvirkjunar?	29
Tafla 29.	Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Hólmsárvirkjunar? - bakgrunnsgreining	30
Tafla 30.	Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir séu teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga?	31
Tafla 31.	Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir séu teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga? - bakgrunnsgreining	31
Tafla 32.	Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skaftárhreppi?	32
Tafla 33.	Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skaftárhreppi? - bakgrunnsgreining	33



BAKGRUNNUR VERKEFNIS

Faghópur um samfélagsleg áhrif virkjana (faghópur 3) sem skipaður er af verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar sem unnin er á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins stóð fyrir íbúafundi sem fram fór í félagsheimilinu Kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri laugardaginn 23. janúar 2016. Á fundinum ræddu íbúar í Skaftárhreppi um samfélagsleg áhrif virkjana. Fundurinn var annar íbúafundurinn sem faghópur 3 hafði staðið fyrir, en áður hafði verið haldinn fundur fyrir íbúa í sveitarfélögum við Þjórsá. Niðurstöður þess fundar voru hafðar í huga við samningu spurningalista og breytingar á umræðuramma.

Boðað var til fundarins með þeim hætti að hringt var í alla íbúa sveitarfélagsins 18 ára og eldri sem voru með skráð símanúmer. Við skráningu á fundinn voru íbúar beðnir um að svara nokkrum spurningum um samfélagsleg áhrif virkjana, óháð því hvort þeir samþykktu eða höfnuðu þátttöku á íbúafundi.

Markmið fundarins var að afla gagna fyrir áframhaldandi starf faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana en faghópurinn vinnur að þróun aðferða til að meta umrædd áhrif. Við matið er bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum beitt. Íbúafundurinn gagnast að báðu leyti þar sem allir íbúar í sveitarfélaginu voru spurðir nokkurra lokaðra spurninga í síma um leið og þeim var boðið að taka þátt í fundinum. Spurningarnar fjölluðu um samfélagsleg áhrif virkjana en stór hluti þeirra upplýsinga sem faghópurinn mun síðan vinna úr eru þær hugmyndir, vonir, áhyggjur og væntingar sem þátttakendur á íbúafundi tjáðu í umræðum. Íbúafundurinn er því liður í grunnvinnu við að þróa aðferðir til að meta samfélagsleg áhrif virkjana og má í því samhengi segja að markmið fundarins hafi verið að afla sem flestra skoðana sem nýtast munu við það starf.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Starfsfólk Félagsvísindastofnunar hafði samband við íbúa í Skaftárhreppi í síma. Allir íbúar sem náð höfðu 18 ára aldri og náðist í voru spurðir nokkurra spurninga um samfélagsleg áhrif virkjana. Svarhlutfall í spurningakönnun þessari var nokkuð gott (sjá töflu 1) og ættu svörin því að gefa góða mynd af viðhorfum í sveitarfélögunum í heild. Í lok viðtals voru svarendur spurðir hvort þeir vildu taka þátt í íbúafundi þar sem samfélagsleg áhrif virkjana yrðu rædd. Alls voru 397 einstaklingar sem náð höfðu 18 ára aldri í Skaftárhreppi þegar boðað var til fundarins og svöruðu 59% þeirra spurningakönnuninni. Boðun þátttakenda og framkvæmd spurningakönnunar áttu sér stað í vikunni sem fundurinn var haldinn.

Tafla 1. Framkvæmd símakönnunarinnar

Framkvæmdamáti	Símakönnun
Upplýsingasöfnun	15.01.16 - 20.01.16
Fjöldi í úrtaki	397
Fjöldi svarenda	227
Brottfall	11
Svarhlutfall - brúttó	57%
Svarhlutfall - nettó	59%

Fyrirkomulag íbúafundarins byggði að nokkru leyti á hugmyndafræði og aðferðum svokallaðra rökræðukannana (e. *deliberative polling*). Rökræðukönnun er leið til að kanna viðhorf upplýsts hóps, yfirleitt með það að markmiði að nýta upplýsingarnar við pólitíska stefnumótun. Blandað er saman hefðbundinni skoðanakönnun þar sem viðhorf þátttakenda til þess efnis sem taka á fyrir er kannað áður og eftir að þátttakendur rökræða um það. Ekki er gert ráð fyrir því að hópurinn sem tekur þátt í rökræðum komist að sameiginlegri niðurstöðu heldur er megintilgangur rökræðukönnunar að fá traustari þekkingu á raunverulegum viðhorfum, rökum með og á móti og því hvernig viðhorf mótast og breytast við það að ræða um efnið sem kannað er.

Fulltrúum hagsmunaaðila, stofnana og samtaka var ekki boðið til þátttöku eða að halda erindi á fundinum. Starfsmönnum og félagsmönnum þessara aðila var þó frjálst að mæta til fundarins að því gefnu að þeir væru búsettir í sveitarfélaginu. Þessi háttur var hafður á til að skoðanir þátttakenda lituðust ekki af erindum og að þátttakendur upplifðu ekki þrýsting til að tjá tiltekna skoðanir.



Skipulag fundarins var með þeim hætti að Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, setti fundinn og bauð þátttakendur velkomna. Því næst kynnti Jón Ásgeir Kalmannsson, formaður faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana, störf og hlutverk faghópsins. Að því loknu kynnti Erla Björk Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri hjá Orkustofnun, rammaáætlun og átta útfærslur af virkjanakostum í Skaftárhreppi. Þátttakendum gafst færi á að spyrja Erlu Björk um virkjanakostina og kom fram í þeim umræðum að líklegustu kostirnir væru Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun. Lögð var áhersla á að kynningar og fyrirmæli væru ekki skoðanamótandi, heldur lýstu væntanlegum breytingum ef samþykkt yrði að fara í virkjanaframkvæmdir.

Í upphafi fundar hafði fundargestum verið skipt niður í sjö umræðuhópa og að loknum kynningum fóru fram umræður í þessum hópum. Umfjöllunarefni íbúafundarins var samfélagsleg áhrif virkjana. Að umræðum loknum stýrði fundarstjóri samantekt þar sem umræðuhóparnir sögðu frá því sem komið hafði fram í umræðum á þeirra borði auk þess sem kostur var gefinn á því að beina spurningum til fulltrúa faghópsins.

Erfitt var að áætla fyrirfram hversu margir þátttakendur af þeim sem skráðir voru á íbúafundinn myndu mæta en 94 þátttakendur voru skráðir á íbúafund þann 23. janúar. Á fundinn mættu 37 þátttakendur, þar af tveir sem höfðu ekki svarað spurningakönnun og er þetta hlutfall 39,4% af skráðum þátttakendum, sem telst vera nokkuð gott á fundum af þessu tagi. Nokkur skekkja eftir aldri hvað mætingu varðar, en þátttakendur eldri en 45 ára voru 27, eða 73% fundargesta. Þá voru karlar meiri hluti þátttakenda, eða 62%. Því er nokkur munur á þátttöku eftir bakgrunnshópum sem ber að hafa í huga við túlkun niðurstaðna. Hvað markmið fundarins varðar skiptir þetta ekki höfuðmáli, þar sem stefnt var að því að safna sem flestum skoðunum og í því samhengi skiptir bakgrunnur þátttakenda ekki mestu máli.

Tafla 2. Mæting á íbúafund

	Fjöldi - skráðir þátttakendur	Fjöldi þátttakenda á íbúafundi	Fjöldi í þýði	Hlutfall mætra af skráðum - Úrtaksskráning
Alls	94	37	397	39,4%
Kyn				
Karl	62	23	213	37,1%
Kona	32	14	184	43,8%
Aldur				
18-29 ára	16	2	97	12,5%
30-44 ára	24	8	83	33,3%
45-59 ára	29	16	70	55,2%
60 ára og eldri	25	11	147	44,0%

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, sveitarfélagi og skráningu (þ.e. hvort íbúi samþykkti að mæta á íbúafund og hvort hann mætti á íbúafund). Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Bakgrunnsupplýsingar

Eftirfarandi tafla sýnir hlutföll svarenda skipt eftir þeim bakgrunnsbreytum sem svör voru greind eftir. Eins og sjá má í töflu 3 var svörun ójöfn eftir aldurshópum, þar sem fólk í eldri aldurshópnum var ívið líklegara til að svara en í þeim yngri. Munur á hlutfalli svarenda og hlutfalli í þýði eftir kyni var afar lítill.

Tafla 3. Bakgrunnsupplýsingar

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	121	53,3%	213	53,7%
Kona	106	46,7%	184	46,3%
Aldur[*]				
18-29 ára	36	15,9%	97	24,4%
30-44 ára	43	18,9%	83	20,9%
45-59 ára	50	22,0%	70	17,6%
60 ára og eldri	98	43,2%	147	37,0%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

NIÐURSTÖÐUR - SPURNINGAKÖNNUN

Svarendur í símakönnun voru spurðir hvort þeir teldu að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á nokkur samfélagsleg atriði. Niðurstöður úr svörum við þessum spurningum eiga að gefa góða mynd af skoðunum íbúa í sveitarfélaginu, hvað nokkur almenn atriði varðar. Þær eru jafnframt góður samanburður þegar líta á til þess hvort munur sé á fundargestum á íbúafundi og almennri skoðanadreifingu í sveitarfélaginu og ekki síður til þess að skoða afstöðu íbúa í mismunandi bakgrunnshópum, þ.e. eftir kyni og aldri svaranda. Til að niðurstöður úr skoðanakönnun endurspegli skoðanir í sveitarfélagi sem best voru niðurstöður vigtaðar eftir kyni og aldri svarenda.

Fyrst voru svarendur beðnir um að taka almenna afstöðu til þess hvort vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á sveitarfélagið þeirra. Í töflu 4 má sjá að um um 60% svarenda taldi áhrifin myndu vera jákvæð, en þriðjungur taldi að þau myndu vera neikvæð. Íbúar eru því heilt á litið líklegri til að vera jákvæðir en neikvæðir þegar kemur að mati á áhrifum á sveitarfélagið þeirra. Skoðanir eru þó dreifðar og benda til þess að ekki sé einhugur um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi meðal íbúa sveitarfélaganna.

Tafla 4. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	59	56	29%	6,3%	29%
Frekar jákvæð áhrif	62	61	31%	6,5%	31%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	16	16	8%	3,8%	8%
Frekar neikvæð áhrif	35	38	19%	5,5%	19%
Mjög neikvæð áhrif	25	25	13%	4,6%	13%
Fjöldi svara	197	196	100%		
Veit ekki	20	21			
Vil ekki svara	10	10			
Alls	227	227			

Þegar mat á áhrifum á sveitarfélag svarenda eru skoðuð eftir bakgrunni má sjá að ekki er marktækur munur er á afstöðu eftir því hvaða hópur er skoðaður. Við bakgrunnsgreiningu á gögnum þeim sem safnað var fyrir íbúafund í Skaftárhreppi kom oft upp það vandamál að greiningin uppfyllti ekki skilyrði kí-kvaðrat marktæktarprófsins. Þetta vandamál tengist því að væntitíðni fyrir ákveðin gildi, t.d. valmöguleikann „hvorki jákvæð né neikvæð áhrif“ í töflu 5) er of lág í ákveðnum bakgrunnshópum (t.d. meðal þeirra sem mættu á íbúafund eða meðal íbúa 45-59 ára að aldri). Í

bakgrunnsgreiningu á töflu 5 og á öðrum töflum hefur marktektarprófið verið endurtekið þar sem búið er að sameina flokkana „mjög“ og „frekar,“ bæði hvað varðar jákvæð áhrif og neikvæð. Úr töflu má því ráða að þrátt fyrir að nokkur munur sé á afstöðu eftir skráningu þá er ekki hægt að fullyrða um hvort sambandið sé tölfræðilega marktækt eða ekki. Sömuleiðis uppfyllir bakgrunnsgreining eftir aldri ekki skilyrði prófsins, en þar eru jafnramt fáar vísbendingar um marktækt samband, þannig að ólíklegt er að það myndi finnast jafnvel þó svarendur hefðu verið fleiri. Bakgrunnsgreining sýnir að ekki er marktækur munur á afstöðu kynjanna til þess hvort vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á sveitarfélagið.

Tafla 5. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þitt sveitarfélag – bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	29%	31%	8%	19%	13%	196	60%
Kyn							
Karl	33%	30%	8%	17%	11%	111	64%
Kona	23%	33%	8%	21%	15%	85	55%
Aldur^{ög}							
18-29 ára	17%	30%	10%	30%	13%	46	47%
30-44 ára	33%	31%	6%	19%	11%	40	64%
45-59 ára	29%	27%	9%	13%	22%	36	55%
60 ára og eldri	34%	35%	8%	15%	8%	74	69%
Skráning^{ög}							
Mætti á íbúafund	38%	11%	3%	25%	23%	31	49%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	31%	39%	11%	12%	7%	57	70%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	25%	33%	8%	21%	12%	108	58%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra sv ara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Svarendur voru inntir eftir mati þeirra á því hvort vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi myndu hafa áhrif á atvinnumöguleika kynjanna (sjá töflu 6). Meiri hluti svarenda taldi að virkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika karla, eða um tveir af hverjum þremur. Á hinn bóginn taldi um tíundi hver svarandi að áhrifin myndu hafa neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla.

Tafla 6. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	53	52	25%	6,0%	25%
Frekar jákvæð áhrif	82	85	41%	6,7%	41%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	50	49	24%	5,8%	24%
Frekar neikvæð áhrif	15	14	7%	3,5%	7%
Mjög neikvæð áhrif	5	5	2%	2,0%	2%
Fjöldi svara	205	205	100%		
Veit ekki	17	17			
Vil ekki svara	4	3			
Alls	226	226			

Munur á afstöðu svarenda til þess hvort áhrif virkjana á atvinnumöguleika karla séu jákvæð eða neikvæð eftir bakgrunni er ekki tölfræðilega marktækur, þegar búið er að sameina „mjög“ og „frekar“ valkostina. Fáir svarendur töldu áhrif vatnsaflsvirkjana á atvinnumöguleika karla vera neikvæð og því uppfyllir bakgrunnsgreining eftir aldri ekki skilyrði marktæktarprófsins, en fátt bendir til þess að samband sé milli aldurs og afstöðu til þessa atriðis.

Tafla 7. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika karla – bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	25%	41%	24%	7%	2%	205	67%
Kyn ^{ög(-)}							
Karl	27%	44%	22%	3%	3%	115	71%
Kona	24%	38%	26%	12%	1%	90	61%
Aldur ^{ög}							
18-29 ára	21%	51%	21%	6%	0%	51	73%
30-44 ára	27%	38%	25%	5%	5%	44	65%
45-59 ára	23%	27%	33%	13%	4%	38	50%
60 ára og eldri	29%	44%	20%	6%	1%	72	73%
Skráning ^{ög(-)}							
Mætti á íbúafund	30%	20%	32%	9%	9%	30	50%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	22%	55%	17%	4%	2%	63	77%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	26%	39%	25%	8%	1%	112	66%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Um helmingur svarenda taldi vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna. Það hlutfall (51%) var nokkuð lægra en hlutfall þeirra sem töldu áhrifin vera jákvæð á atvinnumöguleika karla, og ívið fleiri töldu áhrifin vera neikvæð á atvinnumöguleika kvenna en karla. Munurinn skýrist að mestu á því að hærra hlutfall (33%) taldi virkjanir hvorki hafa neikvæð né jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna.

Tafla 8. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	33	34	16%	5,1%	16%
Frekar jákvæð áhrif	69	71	35%	6,5%	35%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	70	67	33%	6,4%	33%
Frekar neikvæð áhrif	23	24	12%	4,4%	12%
Mjög neikvæð áhrif	9	8	4%	2,7%	4%
Fjöldi svara	204	204	100%		
Veit ekki	18	18			
Vil ekki svara	4	3			
Alls	226	226			

Karlar voru líklegri til að telja virkjanir hafa jákvæð áhrif á atvinnumöguleika kvenna en konur sjálfar. Þeir sem skráðu sig á íbúafund en mættu ekki töldu áhrifin á atvinnumöguleika kvenna vera jákvæðari en þeir sem mættu til fundarins og þeir sem neituðu þátttöku á honum. Svo virðist sem hlutfall þeirra sem töldu áhrifin vera jákvæð og mættu á íbúafundinn sé svipað og hlutfall íbúa í sveitarfélaginu öllu, en ívið fleiri meðal þeirra sem mættu til fundarins töldu þau vera neikvæð en þegar sama hlutfall er skoðað fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Ekki var marktækur munur á afstöðu til þess hvort vatnsaflsvirkjanir hefðu jákvæð eða neikvæð áhrif eftir aldurshópum.

Tafla 9. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á atvinnuöguleika kvenna - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
	Heild	16%	35%	33%	12%		
Kyn ^{og(7)}							
Karl	17%	39%	34%	7%	3%	117	56%
Kona	16%	29%	31%	19%	5%	88	45%
Aldur ^{og(-)}							
18-29 ára	18%	42%	24%	15%	0%	51	61%
30-44 ára	18%	36%	28%	13%	5%	43	54%
45-59 ára	15%	21%	44%	13%	8%	38	35%
60 ára og eldri	15%	37%	36%	8%	4%	72	52%
Skráning ^{og(7)}							
Mætti á íbúafund	18%	32%	23%	13%	14%	30	50%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	13%	50%	28%	6%	2%	63	64%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	18%	27%	38%	15%	2%	111	45%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra sv ara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga. (-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

0% 25% 50% 75% 100%

Þá voru svarendur beðnir að meta hvort virkjanir myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu. Flestir íbúar voru á því að áhrifin væru mjög eða frekar jákvæð en um 60% svarenda höfðu þá afstöðu samanborið við um 17% sem töldu áhrifin vera neikvæð.

Tafla 10. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
	Mjög jákvæð áhrif	40	40	20%	5,6%
Frekar jákvæð áhrif	81	80	40%	6,8%	40%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	44	45	23%	5,8%	23%
Frekar neikvæð áhrif	18	20	10%	4,1%	10%
Mjög neikvæð áhrif	15	15	8%	3,7%	8%
Fjöldi sv ara	198	200	100%		
Veit ekki	23	22			
Vil ekki sv ara	5	4			
Alls	226	226			

Ekki var marktækur munur á afstöðu svarenda til þess hvort virkjanir hefðu jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu eftir bakgrunni, en áhrif eftir aldri og mætingu á íbúafund voru þó mjög nærri því að teljast marktæk. Bendir það til þess að elsti aldurshópurinn sé ívið jákvæðari en aðrir, sem og að þeir sem mættu til íbúafundar séu ólíklegri en aðrir íbúar til að telja vatnsaflsvirkjanir hafa jákvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu.

Tafla 11. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á vilja ungs fólks til að búa og starfa í sveitarfélaginu - Bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	20%	40%	23%	10%	8%	200	60%
Kyn							
Karl	21%	42%	21%	10%	6%	110	63%
Kona	18%	38%	25%	10%	9%	90	56%
Aldur^{ög(-)}							
18-29 ára	15%	35%	26%	15%	9%	52	50%
30-44 ára	26%	33%	23%	10%	8%	43	59%
45-59 ára	17%	31%	31%	10%	10%	38	48%
60 ára og eldri	22%	53%	14%	5%	5%	66	75%
Skráning^{ög(-)}							
Mætti á íbúafund	17%	27%	22%	13%	21%	30	44%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	21%	38%	29%	9%	3%	61	59%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	20%	45%	19%	9%	7%	109	65%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Rúmur helmingur svarenda (58%) taldi virkjanir hafa mjög eða frekar neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna, en 26% töldu áhrifin vera jákvæð. Því er greinilegt að vatnsaflsvirkjanir og umræður sem þeim fylgja hafa áhrif á samstöðu íbúa í sveitarfélaginu, sem eru samfélagsleg í eðli sínu.

Tafla 12. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	15	15	8%	3,9%	8%
Frekar jákvæð áhrif	34	34	18%	5,5%	18%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	32	31	16%	5,3%	16%
Frekar neikvæð áhrif	67	69	37%	6,9%	37%
Mjög neikvæð áhrif	38	40	21%	5,9%	21%
Fjöldi svara	186	190	100%		
Veit ekki	33	30			
Vil ekki svara	7	6			
Alls	226	226			

Lítill munur virðist vera á því hvort svarendur telji vatnsaflsvirkjanir hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna eftir bakgrunni þeirra. Marktækur munur er að því leyti að karlar eru líklegri en konur til að telja áhrifin vera mjög jákvæð, en konur eru líklegri en karlar til að telja þau frekar neikvæð. Í öllum bakgrunnshópum nema meðal þeirra sem eru 60 ára og eldri telur meiri hluti svarenda áhrifin á samstöðu íbúa vera neikvæð.

Tafla 13. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á samstöðu íbúa í nærsamfélagi virkjananna - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	8%	18%	16%	37%	21%	190	26%
Kyn ⁽⁻⁾							
Karl	12%	18%	19%	30%	21%	105	30%
Kona	3%	18%	13%	44%	21%	85	21%
Aldur							
18-29 ára	8%	20%	11%	34%	26%	54	29%
30-44 ára	8%	8%	13%	49%	22%	41	16%
45-59 ára	13%	9%	18%	31%	29%	36	22%
60 ára og eldri	4%	29%	22%	33%	12%	59	33%
Skráning ^{og(-)}							
Mætti á íbúafund	15%	16%	8%	25%	35%	30	31%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	8%	20%	22%	35%	15%	56	28%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	6%	18%	16%	40%	20%	104	24%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

0% 25% 50% 75% 100%

Spurt var um áhrif vatnsaflsvirkjana á náttúru Skaftárhrepps og taldi meira en helmingur íbúa að þau yrðu neikvæð. Svör við þessari spurningu voru nokkuð dreifð og taldi um þriðjungur íbúa að áhrifin á náttúru hreppsins yrði jákvæð.

Tafla 14. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skaftárhrepps?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	18	19	9%	4,0%	9%
Frekar jákvæð áhrif	44	42	21%	5,6%	21%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	35	33	16%	5,1%	16%
Frekar neikvæð áhrif	47	48	24%	5,9%	24%
Mjög neikvæð áhrif	57	60	30%	6,3%	30%
Fjöldi svara	201	203	100%		
Veit ekki	19	18			
Vil ekki svara	6	5			
Alls	226	226			

Enginn tölfræðilegur munur fannst við bakgrunnsgreiningu á afstöðu svarenda til áhrifa á náttúru Skaftárhrepps. Þar sem svör dreifðust nokkuð jafnt á milli svarmöguleika uppfylla allar bakgrunnsgreiningar skilyrði marktæktarprófsins, en þar sem þau dreifast einnig jafnt á milli bakgrunnsbreyta er ekki marktækur munur.

Tafla 15. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á náttúru Skaftárhrepps? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	9%	21%	16%	24%	30%	203	30%
Kyn							
Karl	11%	21%	20%	20%	29%	111	32%
Kona	8%	20%	13%	29%	31%	93	28%
Aldur							
18-29 ára	14%	11%	9%	26%	40%	54	26%
30-44 ára	8%	23%	18%	23%	28%	43	31%
45-59 ára	13%	15%	13%	24%	35%	37	28%
60 ára og eldri	5%	30%	23%	22%	20%	70	35%
Skráning							
Mætti á íbúafund	11%	20%	11%	15%	43%	29	31%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	14%	21%	19%	19%	27%	59	35%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	7%	21%	16%	28%	28%	115	28%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga. (-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Um þrjú af hverjum fjórum íbúum Skaftárhrepps töldu að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins. Hins vegar töldu einungis um 14% að þær myndu hafa neikvæð áhrif á tekjur sveitarfélagsins í framtíðinni og því virðist mikill meiri hluti íbúa telja að sveitarfélagið sjálft myndi græða á því að virkjanir yrðu reistar.

Tafla 16. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	70	69	34%	6,5%	34%
Frekar jákvæð áhrif	83	84	41%	6,8%	41%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	23	23	11%	4,4%	11%
Frekar neikvæð áhrif	20	20	10%	4,1%	10%
Mjög neikvæð áhrif	7	8	4%	2,7%	4%
Fjöldi svara	203	204	100%		
Veit ekki	19	19			
Vil ekki svara	4	3			
Alls	226	226			

Líkt og áður hefur verið greint frá er erfitt að uppfylla skilyrði marktektarprófs þegar dreifing svara er mjög ójöfn eftir svarmöguleikum. Þetta á við um spurninguna um áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins, þar sem fáir telja að vatnsaflsvirkjanir hafi neikvæð áhrif á þann lið. Því dugar ekki að sameina svarmöguleika við bakgrunnsgreiningu eftir skráningu á íbúafund, en fátt bendir til þess að mikill munur sé þar á líkt og í bakgrunnsgreiningum eftir kyni og aldri.

Tafla 17. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á framtíðartekjur sveitarfélagsins? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	34%	41%	11%	10%	4%	204	75%
Kyn ^{óg(-)}							
Karl	39%	42%	9%	7%	3%	117	80%
Kona	28%	40%	14%	13%	5%	87	68%
Aldur ^{óg(-)}							
18-29 ára	24%	45%	12%	12%	6%	51	70%
30-44 ára	45%	33%	10%	5%	7%	44	77%
45-59 ára	30%	38%	15%	15%	2%	38	68%
60 ára og eldri	36%	45%	10%	8%	1%	71	81%
Skráning ^{óg}							
Mætti á íbúafund	42%	23%	9%	16%	10%	30	65%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	33%	44%	14%	7%	2%	63	78%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	32%	44%	10%	10%	4%	110	76%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Íbúar í Skaftárhreppi voru spurðir hvort þeir teldu að vatnsaflsvirkjanir myndu hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu þeirra. Svör dreifðust nokkuð á milli svarmöguleika, en 40% töldu áhrifin hvorki vera jákvæð né neikvæð, svo áætla má að þessi hópur hafi ekki séð tengingu milli virkjana og heilsufars. Hins vegar er fróðlegt að um 35% telji áhrifin jákvæð og um 24 telji þau neikvæð, sem þýðir að nokkuð stór hluti íbúa telur vera tengingu milli vatnsaflsvirkjana og heilsufars.

Tafla 18. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	20	19	10%	4,4%	10%
Frekar jákvæð áhrif	47	46	25%	6,2%	25%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	75	75	40%	7,0%	40%
Frekar neikvæð áhrif	30	31	16%	5,3%	16%
Mjög neikvæð áhrif	14	15	8%	3,9%	8%
Fjöldi svara	186	187	100%		
Veit ekki	34	34			
Vil ekki svara	6	5			
Alls	226	226			

Þegar spurningin um heilsufar er skoðuð eftir bakgrunni kemur í ljós að ekki er marktækur munur eftir hópum. Þó ber að benda á það að munur eftir skráningu er akkúrat á mörkum þess að vera marktækur, þar sem þeir sem skráðu sig á íbúafund en mættu ekki voru líklegri til að telja virkjanir hafa jákvæð heilsufarsleg áhrif en þeir sem mættu á íbúafundinn og þeir sem höfðu þátttöku á honum.

Tafla 19. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu íbúa? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi svara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	10%	25%	40%	16%	8%	187	35%
Kyn							
Karl	12%	24%	41%	15%	8%	108	36%
Kona	8%	26%	40%	18%	8%	79	33%
Aldur^{ög(-)}							
18-29 ára	7%	20%	37%	23%	13%	46	27%
30-44 ára	13%	24%	47%	8%	8%	42	37%
45-59 ára	11%	18%	39%	23%	9%	35	30%
60 ára og eldri	11%	32%	39%	14%	4%	63	43%
Skráning^{ög(-)}							
Mætti á íbúafund	5%	27%	26%	32%	10%	30	32%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	9%	36%	37%	12%	6%	53	45%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	12%	19%	46%	14%	8%	104	31%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

ög merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Þá var spurt hvort svarendur teldu vatnsaflsvirkjanir hafa áhrif á öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar. Nokkuð erfitt var að orða spurningu þessa án þess að orðalag hennar gæti verið talið leiðandi, en nokkrir svarendur töldu það orðalag sem notað var vera óskýrt. Dreifing svara á þessari spurningu svipar til þeirrar sem sjá má úr svörum um áhrif á heilsufar. Þannig taldi um þriðjungur svarenda áhrifin hvorki vera jákvæð né neikvæð, en 39% taldi þau vera jákvæð og 25% taldi þau vera neikvæð. Það er því töluvert stór hópur sem telur að vatnsaflsvirkjanir geti haft áhrif á íbúa með tilliti til náttúrunnar.

Tafla 20. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	28	28	15%	5,3%	15%
Frekar jákvæð áhrif	43	43	24%	6,3%	24%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	62	63	35%	7,1%	35%
Frekar neikvæð áhrif	29	30	17%	5,5%	17%
Mjög neikvæð áhrif	14	15	8%	4,0%	8%
Fjöldi svara	176	179	100%		
Veit ekki	40	39			
Vil ekki svara	10	8			
Alls	226	226			

Þegar svör við spurningu um öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar eru skoðuð út frá bakgrunni svarenda kemur í ljós að konur eru líklegri en karlar til að telja vatnsaflsvirkjanir hafa neikvæð áhrif. Ekki reyndist marktækur munur eftir aldri eða hvort svarandi mætti á íbúafund.

Tafla 21. Telur þú að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á öryggi íbúa með tilliti til náttúrunnar? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild Kyn ^(*)	15%	24%	35%	17%	8%	179	39%
Karl	17%	23%	41%	13%	6%	105	40%
Kona	13%	25%	28%	23%	11%	74	38%
Aldur ^{ög(-)}							
18-29 ára	9%	25%	34%	25%	6%	49	34%
30-44 ára	23%	14%	43%	6%	14%	39	37%
45-59 ára	15%	22%	35%	23%	5%	32	38%
60 ára og eldri	16%	30%	32%	14%	7%	59	46%
Skráning ^{ög(-)}							
Mætti á íbúafund	15%	18%	35%	11%	21%	29	33%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	17%	30%	34%	14%	5%	56	48%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	14%	22%	36%	21%	6%	94	37%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra sv ara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Þá var spurt tveggja spurninga sem tengdust því hvernig nýta eigi orku frá virkjunum ef virkjað væri í Skaftárhreppi. Hin fyrri sneri að því hvort það hefði jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu svarenda ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu. Niðurstöðurnar voru nokkuð afgerandi en þrír af hverjum fjórum svarendum töldu það hafa jákvæð áhrif á afstöðu þeirra til byggingar virkjana í hreppnum. Um tíundi hver svarandi taldi á hinn bóginn að það hefði neikvæð áhrif á afstöðu sína ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu.

Tafla 22. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	81	80	38%	6,6%	38%
Frekar jákvæð áhrif	82	81	39%	6,6%	39%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	28	27	13%	4,6%	13%
Frekar neikvæð áhrif	13	15	7%	3,5%	7%
Mjög neikvæð áhrif	5	5	3%	2,2%	3%
Fjöldi svara	209	209	100%		
Veit ekki	11	12			
Vil ekki svara	6	5			
Alls	226	226			

Sökum þess hve lítið skoðanir íbúa í Skaftárhreppi dreifðust á mismunandi valmöguleika á þessari spurningu reyndist erfitt að uppfylla skilyrði marktektarprófs. Fátt bendir til þess að munur sé á afstöðu eftir kyni og hvað aldur varðar er það helst að elsti hópurinn telji það hafa jákvæð áhrif á afstöðu sína ef raforkan væri nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu. Einnig lítur út fyrir að nokkur munur sé á afstöðu þeirra sem mættu til íbúafundar og þeirra sem skráðu sig en mættu ekki.

Tafla 23. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði nýtt til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	38%	39%	13%	7%	3%	209	77%
Kyn ^{ög(-)}							
Karl	37%	39%	17%	3%	3%	119	77%
Kona	40%	38%	8%	12%	2%	91	78%
Aldur ^{ög}							
18-29 ára	32%	38%	12%	15%	3%	52	71%
30-44 ára	44%	31%	15%	5%	5%	43	74%
45-59 ára	29%	43%	22%	6%	0%	39	71%
60 ára og eldri	45%	41%	8%	3%	2%	75	86%
Skráning ^{ög}							
Mætti á íbúafund	33%	30%	22%	9%	7%	30	63%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	38%	52%	5%	4%	2%	62	89%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	40%	34%	15%	8%	2%	117	74%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Seinni spurningin um nýtingu raforku laut að áhrifum þess að orkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju á afstöðu svarenda til byggingar virkjana í sveitarfélaginu. Svo virðist sem sá valkostur sé töluvert óvinsælli, en um helmingur svarenda taldi það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína til byggingar virkjana. Á hinn bóginn taldi um fjórði hver svarandi að það hefði jákvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 24. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög jákvæð áhrif	18	20	10%	4,1%	10%
Frekar jákvæð áhrif	36	35	17%	5,2%	17%
Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	37	38	18%	5,4%	18%
Frekar neikvæð áhrif	44	45	22%	5,7%	22%
Mjög neikvæð áhrif	67	66	32%	6,5%	32%
Fjöldi svara	202	203	100%		
Veit ekki	17	16			
Vil ekki svara	7	6			
Alls	226	226			

Þegar afstaða til virkjana ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju er skoðuð eftir bakgrunnshópum má sjá nokkuð skýran mun á afstöðu kynjanna, en ekki mældist marktækur munur eftir aldri og skráningu á íbúafundinn. Svo virðist sem afstaða kvenna til byggingar virkjana sé mun neikvæðari ef orkan er seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju, en um 71% kvenna í sveitarfélaginu taldi það hafa neikvæð áhrif á afstöðu sína. Sambærileg tala fyrir karla var 43% og munar þar um að karlar eru bæði líklegri til að telja þetta hafa jákvæð og hvorki jákvæð né neikvæð áhrif á afstöðu sína.

Tafla 25. Hefur það jákvæð eða neikvæð áhrif á afstöðu þína til byggingar virkjana í Skaftárhreppi ef raforkan yrði seld til atvinnustarfsemi tengdri stóriðju? - bakgrunnsgreining

	Mjög jákvæð áhrif	Frekar jákvæð áhrif	Hvorki jákvæð né neikvæð áhrif	Frekar neikvæð áhrif	Mjög neikvæð áhrif	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar jákvæð áhrif
Heild	10%	17%	18%	22%	32%	203	27%
Kyn ^(***)							
Karl	11%	21%	25%	17%	25%	118	32%
Kona	8%	12%	10%	29%	42%	86	20%
Aldur							
18-29 ára	18%	9%	21%	27%	26%	52	26%
30-44 ára	5%	27%	17%	15%	35%	44	32%
45-59 ára	8%	6%	17%	23%	46%	38	15%
60 ára og eldri	7%	24%	19%	23%	28%	69	31%
Skráning							
Mætti á íbúafund	13%	16%	14%	8%	50%	31	29%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	14%	21%	17%	26%	22%	60	35%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	7%	16%	21%	24%	33%	112	22%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

0% 25% 50% 75% 100%

Svarendur voru inntir eftir því hvort þeir væru hlyntir eða andvígir tveimur virkjanakostum innan sveitarfélagsins sem eru til umfjöllunar hjá þriðja áfanga rammaáætlunar, annars vegar Búlandsvirkjun í Skaftá og Tungufljóti og hins vegar Hólmsárvirkjun. Afstaða svarenda til Búlandsvirkjunar var nokkuð dreifð, en þó var um annar hver svarandi í sveitarfélaginu andvígur byggingu virkjunarinnar en rúmlega þriðji hver svarandi var hlyntur. Vert er að taka fram að 7% svarenda þekktu ekki virkjunarkostinn og að svipað hlutfall gaf ekki upp afstöðu sína.

Tafla 26. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Búlandsvirkjunar í Skaftá og Tungufljóti?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	27	27	14%	4,9%	14%
Frekar hlynnt(ur)	40	43	22%	5,9%	22%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	29	29	15%	5,1%	15%
Frekar andvíg(ur)	33	31	16%	5,2%	16%
Mjög andvíg(ur)	62	63	33%	6,6%	33%
Fjöldi svara	191	192	100%		
Þekki ekki virkjunarkostinn	17	16			
Veit ekki	14	15			
Vil ekki svara	4	3			
Alls	226	226			

Þegar afstaða svarenda til byggingar Búlandsvirkjunar er skoðuð eftir bakgrunni kemur í ljós að ekki finnst tölfræðilega marktækur munur eftir bakgrunnshópum. Hins vegar munar afar litlu að greining eftir kynjum sé marktæk, þar sem stuðningur virðist vera nokkuð meiri hjá körlum en konum. Hið sama á við um aldur. Þar er þó ekki um línulega þróun að ræða, þar sem það er aldurshópurinn 30-44 ára sem er hlynntastur (51% hlynntir), en í aldurshópnum 45-59 ára eru hæsta hlutfall þeirra sem eru andvígir byggingu Búlandsvirkjunar (57% andvígir). Munur eftir skráningu er ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 27. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Búlandsvirkjunar í Skaftá og Tungufljóti? - bakgrunnsgreining

	Mjög hlynnt(ur)	Frekar hlynnt(ur)	Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Fjöldi svara	Mjög eða frekar hlynnt(ur)
Heild	14%	22%	15%	16%	33%	192	36%
Kyn							
Karl	16%	27%	11%	18%	28%	107	43%
Kona	11%	17%	20%	14%	38%	86	28%
Aldur							
18-29 ára	9%	27%	18%	9%	36%	51	36%
30-44 ára	20%	31%	6%	14%	29%	39	51%
45-59 ára	13%	9%	22%	11%	46%	37	22%
60 ára og eldri	14%	21%	14%	26%	25%	66	35%
Skráning^{ög(-)}							
Mætti á íbúafund	17%	19%	8%	12%	44%	30	36%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	20%	22%	22%	18%	19%	59	42%
Neitaði þáttöku á íbúafundi	9%	24%	13%	17%	37%	103	33%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga. (-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Einnig var könnuð afstaða til byggingar Hólmsárvirkjunar og voru svarendur töluvert hlynntari byggingu þeirrar virkjunar en Búlandsvirkjunar. Rúmur helmingur svarenda (55%) sagðist vera hlynntur byggingu Hólmsárvirkjunar, en um þriðjungur íbúa var andvígur.

Tafla 28. Ert þú hlynnt/ur eða andvíg/ur byggingu Hólmsárvirkjunar?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög hlynnt(ur)	54	53	28%	6,3%	28%
Frekar hlynnt(ur)	55	52	27%	6,3%	27%
Hvorki hlynnt(ur) né andvíg(ur)	21	22	12%	4,5%	12%
Frekar andvíg(ur)	19	19	10%	4,2%	10%
Mjög andvíg(ur)	44	46	24%	6,0%	24%
Fjöldi svara	193	191	100%		
Þekki ekki virkjunarkostinn	14	14			
Veit ekki	15	17			
Vil ekki svara	4	3			
Alls	226	226			

Nokkur munur var á afstöðu svarenda eftir bakgrunni þeirra og mætingu á íbúafundinn. Þannig voru um tveir af hverjum þremur körlum hlyntir byggingu virkjunarinnar en um fjórðungur andvígur. Konur voru hins vegar nokkurn veginn jafn líklegar til að vera hlyntar (42%) og andvígur (44%) byggingu virkjunarinnar. Nokkur munur kom einnig fram varðandi afstöðu aldurshópa en elsti hópurinn var áberandi líklegur til að styðja byggingu virkjunarinnar (70%). Á hinn bóginn voru svarendur í yngsta aldurshópnum og þeir sem voru á aldursbilinum 45-59 ára svipað líklegir til að vera hlyntir og andvígir byggingu virkjunarinnar.

Tafla 29. Ert þú hlynt/ur eða andvíg/ur byggingu Hólmsárvirkjunar? - bakgrunnsgreining

	Mjög hlynt(ur)	Frekar hlynt(ur)	Hvorki hlynt(ur) né andvíg(ur)	Frekar andvíg(ur)	Mjög andvíg(ur)	Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar hlynt(ur)
Heild	28%	27%	12%	10%	24%	191	55%
Kyn^(**)							
Karll	34%	30%	10%	7%	19%	107	65%
Kona	19%	23%	14%	13%	30%	85	42%
Aldur^{ógr()}							
18-29 ára	23%	16%	19%	10%	32%	48	39%
30-44 ára	32%	26%	7%	6%	29%	34	58%
45-59 ára	25%	19%	15%	10%	31%	38	44%
60 ára og eldri	30%	40%	7%	11%	12%	71	70%
Skráning[*]							
Mætti á íbúafund	31%	11%	6%	9%	43%	29	42%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	36%	28%	16%	9%	12%	56	64%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	22%	31%	11%	10%	25%	106	53%

Marktækur munur er á hópnum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra sv ara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

Að lokum voru íbúar í Skaftárhreppi spurðir tveggja spurninga um samráð við íbúa þegar teknar eru ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir. Fyrri spurningin snéri að mikilvægi þess að ákvarðanir væru teknar í samráði við íbúa og var afstaða íbúa í þeim málum nokkuð skýr, en 96% svarenda töldu það skipta mjög eða frekar miklu máli. Þar af sögðu um þrjár af hverjum fjórum svarendum það skipta mjög miklu máli að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir væru teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga.

Tafla 30. Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir séu teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög miklu máli	164	166	75%	5,7%	75%
Frekar miklu máli	47	45	21%	5,3%	21%
Hvorki miklu né litlu máli	7	6	3%	2,2%	3%
Frekar litlu máli	2	2	1%	1,1%	1%
Mjög litlu máli	1	1	0%	0,8%	0%
Fjöldi svara	221	221	100%		
Veit ekki	3	3			
Vil ekki svara	1	1			
Alls	225	225			

Þar sem nánast allir svarendur töldu það skipta miklu máli að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir væru teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga uppfyllti greining eftir bakgrunni svarenda ekki skilyrði marktektarprófs. Enda virðist í öllum hópum vera mikil samstaða um að þetta atriði skipti miklu máli.

Tafla 31. Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að ákvarðanir um vatnsaflsvirkjanir séu teknar í samráði við íbúa viðkomandi sveitarfélaga? - bakgrunnsgreining

	Mjög miklu máli	Frekar miklu máli	Hvorki miklu né litlu máli	Frekar litlu máli	Mjög litlu máli	Fjöldi svara	Mjög eða frekar miklu máli
Heild	75%	21%	3%	1%	0%	221	96%
Kyn^{ög}							
Karl	73%	22%	4%	1%	1%	120	95%
Kona	78%	19%	2%	1%	0%	101	97%
Aldur^{ög}							
18-29 ára	83%	17%	0%	0%	0%	54	100%
30-44 ára	81%	15%	5%	0%	0%	45	95%
45-59 ára	80%	16%	2%	2%	0%	40	96%
60 ára og eldri	65%	28%	4%	1%	1%	81	94%
Skráning^{ög}							
Mætti á íbúafund	76%	21%	3%	0%	0%	32	97%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	79%	16%	4%	1%	0%	62	94%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	74%	23%	2%	1%	1%	126	96%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

ög merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktektarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktektarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga.

(-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktektarprófi.

Seinni spurningin um samráð við íbúa laut að því hvort íbúar væru ánægðir eða óánægðir með það samráð sem haft hefði verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skaftárhreppi. Tæpur helmingur svarenda (46%) var mjög eða frekar ánægður með það samráð sem haft hefur verið, en nokkru færri voru óánægðir (36%).

Tafla 32. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skaftárhreppi?

	Fjöldi	Vigtaður fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	16	16	9%	4,4%	9%
Frekar ánægð(ur)	64	63	37%	7,3%	37%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	27	29	17%	5,7%	17%
Frekar óánægð(ur)	34	35	21%	6,2%	21%
Mjög óánægð(ur)	26	26	15%	5,5%	15%
Fjöldi svara	167	168	100%		
Veit ekki	53	52			
Vil ekki svara	5	5			
Alls	225	225			

Lítill munur var á ánægju svarenda með það samráð sem haft hefur verið við íbúa varðandi vatnsaflsvirkjanakosti í sveitarfélaginu eftir bakgrunni. Helst voru það yngri svarendur sem voru ólíklegri til að vera ánægðir með samráðið, en sá munur var þó ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 33. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með það samráð sem haft hefur verið við íbúa um vatnsaflsvirkjanakosti í Skaftárhreppi? - bakgrunnsgreining

	Hvorki ánægð(ur)					Fjöldi sv ara	Mjög eða frekar ánægð(ur)
	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	né óánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)		
Heild	9%	37%	17%	21%	15%	168	46%
Kyn							
Karl	12%	35%	15%	24%	13%	99	48%
Kona	5%	40%	20%	17%	18%	69	45%
Aldur ^{óg(-)}							
18-29 ára	7%	24%	24%	28%	17%	45	31%
30-44 ára	10%	52%	13%	19%	6%	34	61%
45-59 ára	9%	40%	10%	21%	19%	34	50%
60 ára og eldri	11%	37%	18%	17%	17%	56	48%
Skráning ^{óg(-)}							
Mætti á íbúafund	6%	39%	16%	21%	18%	28	44%
Skráð(ur) en mætti ekki á íbúafund	14%	37%	14%	24%	11%	54	51%
Neitaði þátttöku á íbúafundi	7%	37%	19%	19%	17%	86	44%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Vegna fárra svara í sumum flokkum voru flokkarnir mjög og frekar jákvæð áhrif annars vegar og mjög og frekar neikvæð áhrif hins vegar sameinaðir við endurútreikning marktæktarprófa. Þar sem niðurstöður endurútreiknaðs marktæktarprófs eru ólíkar upphaflegri niðurstöðu birtast þær niðurstöður innan sviga. (-) merkir að ekki fannst marktækur munur í endurútreiknuðu marktæktarprófi.

0% 25% 50% 75% 100%

NIÐURSTÖÐUR – UMRÆÐUR Á ÍBÚAFUNDI

Umræðustjórar á íbúafundi höfðu það hlutverk að stýra umræðum með þeim hætti að kynna til sögunnar ákveðin þemu sem voru fyrirfram ákveðin samkvæmt umræðuramma (sem má finna í viðauka við þessa skýrslu) sem saminn var í samvinnu við faghóp um samfélagsleg áhrif virkjana og spyrja spurninga tengdum þemunum ef þörf var á (t.d. ef umræður stöðvuðust eða fóru út fyrir efni fundarins). Mismikill tími var áætlaður til að ræða þemun, en þau voru: Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála, samfélagsleg áhrif, efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir, orka og nýting hennar og loks var stutt samantekt á umræðum fundarins. Við greiningu á umræðum var þeim atriðum sem nefnd voru skipt á ný í ítarlegri flokkun sem fylgir hér á eftir.

Aðferðafræði rökræðukannana byggir á því að sem minnst afskipti séu af hálfu umræðustjóra, þannig að umræðurnar lýsi sem best því sem þátttakendum liggur á hjarta frekar en að sóst sé eftir ákveðinni niðurstöðu. Þetta þýðir að oft fara umræður um víðan völl, ekki endilega nákvæmlega eftir þeirri forskrift sem má sjá í umræðuramma. Í tilfelli íbúafundar um samfélagsleg áhrif virkjana fólst þetta í að töluvert var rætt um umhverfisáhrif virkjana sem brunnu mjög á mörgum þátttakendum. Þó þetta hafi ekki verið beint til umfjöllunar á íbúafundinum er erfitt að sneiða hjá þeim og við úrvinnslu á niðurstöðum fundarins var tekið tillit til þessara umræðna, enda hafa umhverfisbreytingarnar margar hverjar samfélagsleg áhrif. Sem dæmi má nefna að sumir þátttakendur töldu að virkjanir myndu koma í veg fyrir að flæddi yfir land, sem myndu teljast til umhverfisáhrifa – en það myndi hlífa bújörðum, sem mætti telja til samfélagslegra áhrifa. Því er hér greint eins og kostur gefst frá öllu því sem fram kom í fundargerðum ritara.

Við lestur á niðurstöðum umræðna á íbúafundi ber að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi er sérstaklega gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem bar mest á í umræðunum. Þessi helstu atriði eru einfaldlega mæld eftir því hversu oft þau koma fyrir í umræðum þátttakenda. Sami háttur er hafður á við röðun umræðuefna í undirköflum, fyrst er fjallað um þau atriði sem koma oftast fyrir en þau atriði sem koma sjaldan fyrir eru alla jafna nefnd í lok kaflans. Í öðru lagi er gerður greinarmunur á því hvort atriði hafi verið rædd á borði sem boðað var til með úrtaki eða í almennri skráningu. Þetta er gert sökum þess að úrtakshópnum er ætlað að vera þverskurður íbúa í samfélaginu, en þátttakendur sem skráðu sig sjálfir eru líklegri til að hafa sterkar skoðanir á efni fundarins. Í þriðja lagi er jöfnum höndum notað orðalagið vatnsaflsvirkjanir og virkjanir þegar fjallað er um umræður á íbúafundi. Margar tegundir virkjana er að finna en til að halda samræmi milli orðalags þátttakenda og skýrslu er oft notast við orðið virkjanir, þó augljóst sé af samhenginu að átt sé við

vatnsaflsvirkjanir en ekki aðrar tegundir virkjana. Loks er vert að benda á að til að koma í veg fyrir að ummæli séu persónugreinanleg er oft notast við orð eins og „íbúar“ og „þátttakendur,“ sem og persónuforöfnin „einn,“ „annar,“ „nokkrir“ og „sumir“ sem eru karlkyns orð, en ummælin eru oft tjáð af kvenkyns þátttakendum eða af einstaklingum af báðum kynjum.

Loks er vert að leggja sérstaka áherslu á að hlutverk Félagsvísindastofnunar var ekki að kanna sannleiksgildi fullyrðinga sem þátttakendur vörpuðu fram í umræðum, heldur að gera grein fyrir því um hvað var rætt. Því er mögulegt að í þeim texta sem má lesa úr umræðum sé að finna fullyrðingar, skoðanir og hugmyndir sem eru efnislega rangar, illa rökstuddar, tæknilega ómögulegar að útfæra eða kunna með öðrum hætti að vekja furðu lesanda. Í þessu samhengi er mikilvægt að gera greinarmun á skoðunum og staðreyndum, sem og að hafa í huga að markmið fundarins var að fá fram sem flestar skoðanir sem munu nýtast við frekari vinnu faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana. Við úrvinnslu var tekin sú ákvörðun að það væri ekki hlutverk úrvinnsluaðila að velja og hafna því hvort fullyrðingar ættu heima í skýrslu. Því er brýnt að hafa í huga að eftirfarandi niðurstöður eru unnar úr skoðunum þátttakenda og endurspegla ekki skoðanir starfsfólks Félagsvísindastofnunar, faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana eða annarra aðila sem tengjast verkefninu með formlegum hætti.

Helstu niðurstöður

- Þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi höfðu skiptar skoðanir á áhrifum virkjana á samfélagið. Þó virðist sem hóparnir skiptist aðallega í þrennt. Í fyrsta lagi hóp sem af umhverfisástæðum er á móti virkjunum. Annar hópur hefur áhyggjur af áhrifum virkjana á ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar á svæðinu. Loks er hópur sem telur virkjanir hafa jákvæð áhrif á sveitarfélagið en setur ýmsa fyrirvara við stuðning við framkvæmdirnar, oftast en ekki um að nýta ætti orkuna með einhverjum hætti í nærsamfélagi virkjananna, sér í lagi til atvinnuuppbyggingar.
- Nýting þeirrar orku sem yrði framleidd ef farið væri í virkjanaframkvæmdir var fundargestum hagleikin, en margir lýstu þeirri skoðun að nýting orkunnar ætti að koma íbúum og sveitarfélaginu Skaftárhreppi til góða. Á nánast öllum borðum komu fram ummæli þess efnis að mikilvægt væri að virkjanir þyrftu að koma nærsamfélaginu til góða, helst með tengingu við atvinnumál á svæðinu. Úr umræðum má lesa að nýting í nærsamfélagi var eitt af þeim atriðum sem skipti þátttakendur mestu máli varðandi stuðning við virkjanaframkvæmdir og var það umræðuefni sem kom langsamlega oftast fyrir óháð því hvaða þema var til umræðu hverju sinni.

- Áhrif virkjana á ferðapjónustu voru einnig rædd töluvert, en töluvert margir íbúar starfa við þá atvinnugrein og sjá margir fyrir sér aukningu á komandi árum. Margir töldu virkjanir hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustuna þar sem ferðamenn sæktust eftir ósnortinni náttúru. Aðrir töldu að áhrifin yrðu ekki mikil og það nefnt að virkjanirnar sjálfar gætu verið áfangastaðir fyrir ferðamenn auk þess sem samgöngubætur myndu auðvelda aðgengi ferðamanna að hálendinu. Helstu deilurnar um áhrif virkjana á ferðapjónustu lutu að því hvort virkjanir myndu koma í veg fyrir aukinn fjölda starfa í ferðapjónustu eða ekki.
- Samstaða íbúa í sveitarfélaginu kom nokkuð oft fyrir í umræðum á íbúafundinum. Upplifun þátttakenda af því hvort umræða um virkjanamál hefði haft áhrif á samstöðu íbúa var mjög persónubundin. Hluti þátttakenda taldi umræðu um virkjanamál hafa lítil áhrif á daglegt líf íbúa í sveitarfélaginu eða töldu gott og eðlilegt að lífleg umræða væri um málið. Aðrir töldu deilurnar hafa töluverð áhrif og að virkjanamál væru meðal helstu deiluefna í sveitarfélaginu. Þeir sem upplifðu neikvæð áhrif umræðunnar á samstöðu íbúa nefndu að fólk skiptist í hópa sem ættu erfitt með samskipti sín á milli. Þá var það nefnt að umræða um virkjanamál væri hófstiltari nú en fyrir nokkrum árum og að auknar upplýsingar og umræður hefðu stuðlað að því.
- Rafmagn til íbúa í sveitarfélaginu var mörgum þátttakendum hugleikið. Var lélegt dreifikerfi rafmagns og skortur á þriggja fasa rafmagni talið standa atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu fyrir þrífum, sér í lagi hvað landbúnað varðar. Töldu margir þátttakendur að ráðist yrði í úrbætur á þessu vandamáli ef virkjað væri í sveitarfélaginu.
- Staða landbúnaðar í sveitarfélaginu var töluvert rædd á íbúafundinum. Var upplifun þátttakenda af möguleikum í þeirri atvinnugrein mjög misjöfn. Bein tengsl virkjana og landbúnaðar voru ekki mikið rædd, en áhrif á atvinnuhorfur þeirra sem starfa í greininni voru nokkuð til umfjöllunar og skiptar skoðanir voru um hvort áhrifin væru góð eða slæm. Rætt var um möguleika á aukavinnu fyrir bændur og að þriggja fasa rafmagn myndi koma að góðum notum fyrir landbúnaðinn, en á hinn bóginn var bent á að margir bændur störfuðu nú við ferðapjónustu sem margir töldu verða fyrir neikvæðum áhrifum af virkjun.
- Náttúran og breytingar á umhverfi vegna virkjanaframkvæmda komu við sögu á íbúafundinum oft með vísun í hvaða samfélagsleg áhrif yrðu við þessar breytingar. Nokkur samhljómur var um að kostur væri að umhverfisáhrif virkjana væru sem minnst en deilt um hver ásættanlegur fórnarkostnaður væri. Margir voru á móti virkjunum af umhverfisverndarástæðum, en aðrir vildu frekar líta til nýtingarmöguleika. Þær umhverfisbreytingar sem helst voru ræddar voru lón (og það land sem færi undir lónin) og fok sem fylgja myndi framkvæmdunum. Einnig var rætt um gildi ósnortinnar náttúru fyrir ferðapjónustu.

- Efnahagsleg áhrif virkjana voru nokkuð umdeild, einkum vegna áhrifa á aðrar atvinnugreinar. Hvað varðar fjárhag sveitarfélagsins voru efnahagslegu áhrifin talin góð, en ýmis skilyrði hvað varðar nýtingu orkunnar voru nefnd varðandi það hvort efnahagslegu áhrifin myndu hafa áhrif á almenning. Einnig var deilt um hversu lengi efnahagsleg áhrif virkjana myndu vara, þó almennt hafi verið talið að á byggingartíma virkjana yrðu aukin umsvif í sveitarfélaginu. Í umræðum um skiptingu ávinnings af virkjunum lögðu þátttakendur áherslu á að mikilvægt væri að virkjanir hefðu jákvæð efnahagsleg áhrif á nærsamfélag þeirra.
- Áhrif virkjana á mannfjölda til lengri tíma litið myndu því ráðast af því hvar orkan yrði nýtt að mati sumra fundargesta og væru því nátengd atvinnutækifærum á svæðinu. Nokkrar umræður voru um þær mannfjöldabreytingar sem myndu vera á byggingartíma virkjana en sumir lýstu áhyggjum yfir því að fámennt sveitarfélag á borð við Skaftárhrepp ætti erfitt með að taka við miklum fjölda fólks ef sá hópur myndi flytja á brott að framkvæmdatímanum loknum. Sambærileg umræða átti sér stað um opinbera þjónustu sem sveitarfélagið veitir.
- Reynt var að komast að því á hvaða forsendum íbúar í Skaftárhreppi móta sér afstöðu til virkjunarkosta, en þeir virkjanakostir sem voru helst til umræðu voru Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun. Því ber að halda til haga að margir þátttakendur vildu annað hvort virkja hvorugan kostinn eða báða og sömuleiðis töldu margir sig ekki hafa kynnt sér málið nægilega vel til að móta sér afstöðu. Þau atriði sem skildu helst á milli virkjunarkosta voru umhverfisáhrif þeirra og áhrif þeirra á íbúa.
- Búlandsvirkjun var talin hafa meiri umhverfisáhrif en Hólmsárvirkjun og var almennt umdeildari virkjanakostur. Skipti þar nokkru að um er að ræða virkjun í jökulá sem liggur um sveitarfélagið allt og hefur töluverð áhrif á líf íbúa í sveitarfélaginu. Umhverfisbreytingar vegna Búlandsvirkjunar voru oft talin neikvæð en þó var rætt um að þær myndu hlífa bújörðum og því er ljóst að upplifun fólks af þessum breytingum er æði misjöfn og þarfnast ef til vill frekari kynninga á framkvæmdinni. Einnig var rætt um ágæti þess að einkaaðilar stæðu að verkinu, sem sumir töldu neikvætt en aðrir voru hrifnir af hugmyndum um að hluti af hagnaði virkjunarinnar myndi renna til sveitarfélagsins.
- Hólmsárvirkjun með miðlunarlón við Atley var oftast nefndur sem ákjósanlegasti virkjunarkosturinn í Skaftárhreppi. Var það talið henni til framdráttar að umhverfisáhrif væru lítil og að hún hefði áhrif á fáa íbúa. Á hinn bóginn var talið að með þeirri virkjun væri verið að raska ósnortinni náttúru.
- Samráð við íbúa var talið mikilvægt við ákvarðanatöku um virkjanafrakvæmdir af hálfu þátttakenda á íbúafundi. Skiptar skoðanir voru um ágæti þess samráðs sem fram hefur farið til þessa í Skaftárhreppi, en helst var kallað eftir meiri kynningu auk þess sem nokkrir

gagnrýndu það samráð sem haft hefur verið við landeigendur. Þátttakendur voru almennt ánægðir með að koma saman á fundinum til að ræða samfélagsleg áhrif virkjana.

Niðurstöðum umræðna er skipt í undirkafla. Röðun undirkafla ræðst af tímaröð þeirri sem notuð var við umræðustjórnun á íbúafundi, þar sem þemu voru tekin fyrir í fyrirfram ákveðinni röð.

Náttúra

Náttúruvernd var ekki sérstaklega til umræðu á íbúafundinum, enda tilgangur hans að ræða samfélagsleg áhrif virkjana. Gestir fundarins tjáðu sig þó oft um áhrif virkjana á náttúruna og verður þeim umræðum því gerð skil í þessum undirkafla. Margar athugasemdanna lúta að áhrifum á náttúruna sem myndu einnig hafa samfélagsleg áhrif. Þegar náttúruna bar á góma í umræðum um samfélagsleg áhrif virkjana voru algengustu þemun áhyggjur af áhrifum virkjana á náttúruna og umræður um gildi ósnortinnar náttúru. Nokkrir þeirra sem voru fylgjandi virkjun ræddu um mikilvægi þess að tekið yrði tillit til umhverfisins. Aðrir töldu virkjanaframkvæmdir hafa lítilvæg áhrif á náttúruna.

Margir þátttakendur höfðu áhyggjur af áhrifum virkjana á náttúruna, bæði ásýnd hennar og lífríki. Talað var um að rask af virkjuninni sjálfri væri mikið og að þar væri gott land að fara undir vatn. Einhver nefndi að sjálfgrónum birkiskógi stafaði mikil hætta af virkjuninni auk þess sem bændum yrði gert erfitt fyrir um búskap. Nokkrir bentu á nauðsyn þess að meta áhrif virkjana á allt svæðið en ekki aðeins það land sem færi undir lónið. Einn þátttakandi benti á að Skaftá rynni um allt sveitarfélagið og hefði gagnvirk áhrif á allt svæðið og langt út í sjó. Aðrir nefndu að breyting á rennsli vatnanna gæti haft mikil áhrif á vistkerfið. Við breytingar á vatnakerfinu fyrir nokkrum áratugum hefði veiði hrunið og bændur orðið af miklum tekjum þess vegna. Þannig væri það ekki landeigenda á svæðinu að taka ákvörðun um málið.

Sú skoðun kom nokkuð oft fram að náttúran hefði gildi í sjálfri sér. Einn þátttakandi sagði að ósnortið land væri auðlind og að slíkum svæðum fækkaði mikið. Annar taldi svæðið í heild, órofið náttúrusvæði, vera of verðmætt fyrir framkvæmdir af þessu tagi. Einnig var talað um mikilvægi þess að nýta jörðina þannig að hún væri nýtanleg um ókomin ár. Landið væri ekki til að græða á því heldur til að vernda það og skila því heilu til afkomenda. Einnig komu fram óskir um stækkun friðlands þar sem mesti auðurinn væri fólgin í ósnortinni náttúru.

Nokkrir sem voru meira fylgjandi virkjunum töluðu líka um náttúruna. Þá var yfirleitt talað um að umhverfisáhrif væru fórnarkostnaður sem þyrfti að færa til að virkja og auka velferð á svæðinu. Einn sagði að vatnsaflsvirkjun væri jákvæð nýting náttúruauðlinda en þó þyrfti að taka tillit til umhverfislegra þátta. Annar sagði virkjanir sannarlega ganga á náttúrugæði héraðsins en benti á að orkan hjálpaði öllum. Einnig var nefnt að mikilvægt væri meta hvort þörf væri á virkjunum og að einhverjir knýjandi almannahagsmunir þyrftu að vera fyrir hendi til að ganga á náttúruna með þessum hætti.

Í umræðum um áhrif virkjana á náttúruna voru þeir sem töldu umhverfisáhrifin af vatnsaflsvirkjun vera óveruleg eða ekki mikilvæg. Breytingar á náttúrunni vegna virkjanaframkvæmda þyrftu ekki að vera af hinu verra, ný náttúra tæki við af þeirri náttúru sem færi. Til að mynda taldi einn þátttakandi umhverfisáhrifin geta verið jákvæð, þar sem uppistöðulónin gætu orðið náttúruperlur eins og önnur stöðuvötn í landinu. Einn þátttakandi taldi litla eftirsjá af náttúrunni og sagði jökulsársvæðið vera að mestu sand og aur. Annar benti á að nýting vatnsorku hefði einmitt ekki slæm áhrif á framtíðarkynslóðir þar sem hún væri endurnýjanleg orkulind. Önnur atriði sem nefnd voru í tengslum við náttúruna voru t.d. lagning sæstrengs til að draga úr mengun á heimsvísu, áhyggjur af samspili virkjana og náttúruafla, stuðningur við stóriðju svo fremi sem hún mengaði ekkert og að ungt fólk vildi frekar vernda náttúruna en virkja.

Flestir þeirra sem tjáðu sig um náttúruna í tengslum við umræður um samfélagsleg áhrif af virkjunum töldu að umhverfisáhrif af virkjunum væru slæm. Virkjanir gætu haft neikvæð áhrif á ásýnd landsins og lífríki náttúrunnar. Ósnert náttúra hefði gildi í sjálfri sér og nauðsynlegt væri að sýna ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum. Nokkrir töldu nauðsynlegt að lágmarka umhverfisáhrif af virkjunum, en að þau kæmu ekki í veg fyrir stuðning þeirra við virkjanir og væru óhjákvæmilegur fylgifiskur framkvæmda. Þeir voru færri sem töldu virkjanir ekki hafa teljandi umhverfisáhrif.

Að ofansögðu sést að í umræðum um áhrif á náttúruna var oft vísað í afleidd áhrif umhverfisáhrifa á efnahag einstaklinga eða atvinnuvegi. Hins vegar var einnig rætt um gildi óspilltrar náttúru svæðisins í sjálfu sér fyrir einstaklinga og samfélagið. Mikið var rætt um hvort möguleg náttúruspjöll hefðu áhrif á ferðaþjónustu en um þær umræður verður fjallað í undirkafla um ferðaþjónstu. Þeir þátttakendur sem nefndu áhrif á náttúru voru því alla jafna líklegri til að vera andvígir byggingu þeirra vatnsaflsvirkjana sem helst voru ræddar á íbúafundinum.

Breytingar á umhverfi

Þátttakendur á íbúafundinum nefndu nokkuð oft breytingar á umhverfinu sem myndu eiga sér stað ef virkjað yrði. Segja má að þessar umræður hafi helst snúist um hvaða áhrif umhverfisbreytingar myndu hafa á búsetu á svæðinu. Sérstaklega var rætt um fok í þessu samhengi og áhrif lóna sem myndu fylgja stórum virkjanaframkvæmdum á borð við þær sem helst voru til umræðu á fundinum, en margt annað kom einnig við sögu.

Þau umhverfisáhrif sem þátttakendur ræddu mest voru fok vegna miðlunarlóna sem myndu fylgja virkjunum. Lýst var áhyggjum af því að bygging Búlandsvirkjunar eða Hólmsárvirkjunar með miðlunarlóni við Atley gætu valdið rofi á árbökkum vegna sveiflna í ánni. Þetta myndi valda auknu svifryki sem væri mikið fyrir vegna Skaftárhlaupa. Nú þegar væri mikill framburður vegna hlaupanna og sá sandur og leir fyki síðan. Íbúar væru því vanir miklu foki en vildu ekki auka á. Vísað var í reynsluna af Háslóni við Kárahnjúka þessu til stuðnings. Breytingar á árfarvegi myndu í þessu samhengi verða sérstaklega erfiðar fyrir þá sem byggju næst lóninu, en þar væri nú þegar mikill hluti af starfi bænda að græða land og viðhalda því sem yrði erfiðara ef enn ykist fokið. Aðrir nefndu að fokið væri svo mikið nú þegar að það myndi litlu skipta ef það yrði aðeins meira. Fok ætti því ekki að vera úrslitaatriði við ákvörðun um virkjanamál enda væri hægt að græða land annars staðar til að vega upp á móti áhrifunum. Því voru skiptar skoðanir um hversu mikil áhrif fokið hefði, en margir þátttakendur nefndu það sem ein neikvæðustu áhrifin af virkjun.

Lónin sjálf voru einnig nefnd nokkuð vegna þess lands sem færi undir vatn ef stíflað yrði. Þannig þyrfti að meta það land sem færi undir vatn sem ákveðinn fórnarkostnað. Meðal þess sem helst var rætt í því samhengi var að um væri að ræða beitiland fyrir búfénað og annað gróið land. Talað var um að hægt væri að byggja smávirkjanir án miðlunarlóna sem myndu sjá sveitinni fyrir rafmagni. Sömuleiðis var rætt um að til stæði að virkja jökulvötn og því fylgdi mikill framburður sem þyrfti að koma fyrir einhvers staðar. Breytileg vatnsstaða í lónunum var einnig til umræðu í tengslum við umræður um fok. Þó var það nefnt að lónin sjálf gætu verið falleg og að ekki væri víst að mikið fok myndi fylgja þeim. Bendir margt til þess að lónin og þær breytingar sem þeim gætu fylgt séu þau umhverfisáhrif sem mest eru rædd í sveitarfélaginu.

Rask var neikvæðra umhverfisbreytinga sem oft voru nefndar, iðulega á almennum nótum en einnig voru tekin nokkur sértæk dæmi. Sumir þátttakendur veltu fyrir sér hvað gert yrði við jarðveg sem fylgdi virkjanaframkvæmdum og virkjuninni sjálfri. Sömuleiðis hvort gert væri ráð fyrir jarðvegsnámi og hvað gert yrði við þann jarðveg. Í því samhengi var nefnt að svæðið væri hluti af jarðvangi Kötlu og UNESCO svæði sem mætti ekki raska um of. Einhverjir þátttakendur nefndu að minna rask

myndi fylgja Hólmsárvirkjun en Búlandsvirkjun. Þá var nefnt að röskun umhverfis myndi draga úr eða breyta útsýni á svæðinu og að meta þyrfti áhrif rasksins á mannfólk.

Nokkrir þátttakendur minntust á mögulegar umhverfisbreytingar sem tengdust því að flóð kæmi í árnar. Var Búlandsvirkjun sérstaklega nefnd í þessu samhengi vegna Skaftárhlaupa. Þeir þátttakendur sem höfðu áhyggjur af þessu nefndu að hlaupin gætu skaðað mannvirki og að þau myndu verða hættulegri ef virkjað yrði. Ekki voru allir þátttakendur vissir um að hlaupin myndu hafa verri áhrif ef virkjað yrði, en þetta virðist samt vera áhyggjuefni hjá hluta íbúa sveitarfélagsins.

Áhugaverðar umræður komu upp um landmissi, en á einu borði nefndi þátttakandi að ef land hans yrði ekki varið fyrir ágangi vatns með því að reisa varnargarða í tengslum við virkjanaframkvæmdir yrði hann síðasti ábúandinn á sinni jörð. Sá sem tjáði sig næstur á því borði taldi hins vegar að ef virkjað yrði myndi hann vera síðasti ábúandinn á sinni jörð. Nokkrir nefndu það land sem myndi tapast undir lón en aðrir að mikið land ónýttist við Skaftárhlaup eins og staðan væri núna sem myndi ekki gerast ef virkjað yrði. Þá skipti máli hvaða land myndi fara undir lón, t.d. væru auðnir heppilegar og að beitiland væri óheppilegt. Umhverfisbreytingar voru því bæði nefndar sem rök fyrir virkjunar- og verndarsjónarmiðum.

Fjölmarginn annað var nefnt í tengslum við þær breytingar sem myndu verða á umhverfinu ef virkjað yrði. Nokkrir nefndu andstöðu við umhverfisbreytingar sem almenn sjónarmið sem þyrfti að taka tillit til við ákvörðunartöku um virkjanir eða ef virkjað yrði þyrfti að lágmarka umhverfisbreytingar. Nefnt var að líta þyrfti á Skaftárvæðið sem heild þannig að umhverfisáhrifin væru ekki takmörkuð við lón og virkjanir heldur væru áhrif virkjunar víðtæk. Rætt var um áhrif á virkjana á fiskveiði sem talin voru neikvæð og að ekki væri hægt að nýta lónið til fiskveiða ef það yrði reist. Landgræðsla var nefnd sem vandamál á svæðinu en einnig sem mótvægisáðgerð við fok sem myndi fylgja virkjunum. Einn þátttakandi sagði að betra væri að gera afturkræfar breytingar á umhverfinu en óafturkræfar. Annar nefndi að svæðið yrði fyrir miklum áhrifum af nálægð við eldvirk svæði. Þá var rætt um breytingar á árfarvegum og rennsli í ánum.

Íbúar í Skaftárhreppi velta margir hverjir fyrir sér hvernig umhverfislegar breytingar í tengslum við virkjanaframkvæmdir myndu hafa áhrif á daglegt líf í sveitarfélaginu. Þessar umræður snúast að miklu leyti um hvort og hversu mikið fok myndi aukast í tengslum við virkjanirnar en einnig um lónin og annan landmissi sem fylgja myndu virkjunum eða hægt væri að koma í veg fyrir með virkjunum. Þá eru áhrif Skaftárhlaupa einnig nefnd nokkuð í tengslum við Búlandsvirkjun. Breytingar á umhverfinu hafa því nokkur áhrif á afstöðu sumra íbúa til byggingar virkjana í Skaftárhreppi.

Samfélag – Umræða um virkjanamál og samstaða íbúa

Áhrif umræðna um virkjanamál voru töluvert rædd á íbúafundinum. Mjög persónubundið var hvort þátttakendur teldu að umræðan hefði valdið miklum deilum og haft áhrif á samstöðu íbúa. Sumir töldu umræðuna vera hatramma og hafa mikil áhrif á samskipti fólks en aðrir töldu að skoðanaskiptin hefðu lítil áhrif á daglegt líf íbúa. Fleiri ummæli féllu um samstöðu íbúa en um umræðuna, en þar sem margir litu á breytingar á samstöðu sem afleiðingu umræðunnar er eðlilegra að hefja þessa umfjöllun með því að lýsa ummælum þátttakenda um umræðu um virkjanamál innan sveitarfélagsins. Vert er að taka fram að á íbúafundinum sjálfum voru skoðanaskipti milli þátttakenda hófstíllt, jafnvel þó margir þátttakendur hafi haft sterkar skoðanir á umræðuefninu. Umræðan utan íbúafundarins var hins vegar meðal þess sem þátttakendur nefndu oftast á fundinum.

Meðal þátttakenda á íbúafundi var umdeilt hvort umræða um virkjanamál hafi haft jákvæð eða neikvæð áhrif. Nefnt var að ekki væri nema eðlilegt að skoðanaskipti eigi sér stað í samfélaginu. Hins vegar væri upplifun fólks af umræðunni misjöfn. Það sem sumir tækju persónulega tækju aðrir létt. Talað var um að umræðan hefði staðið lengi yfir og nefndi einn þátttakandi að íbúar á svæðinu væru orðnir upplýstari um virkjanamálin í kjölfar mikilla umræðna. Annar taldi hins vegar að skortur væri á umræðu um málið í sveitarfélaginu. Talið var eðlilegt að um margt væri deilt í sveitarfélaginu en að hörðustu deilurnar snérust um virkjanamál. Erfitt væri að ná sátt um þetta mál þar sem skoðanir væru svo ólíkar.

Skoðanir þátttakenda á íbúafundi um gagn og gæði umræðna um virkjanamál voru æði misjafnar. Nefnt var að umræðurnar væru sums staðar komnar í neikvætt far þar sem deilendur hefðu þurft að ráða sér lögræðinga til að eiga samskipti sín á milli. Annar taldi að upplýst umræða gerði fólki kleift að ná sátt um málið. Þátttakendur voru ekki sammála um hvort hægt væri að ná sátt um málið. Einn nefndi að markmið umræðunnar væri að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu en aðrir töldu skoðanir svo ólíkar að einhverjir yrðu ósáttir sama hverjar málalyktir yrðu. Þó var talið jákvætt að koma til íbúafundar til að fá fram ólík sjónarmið, að samráð við íbúa gerði umræðuna hófstílltari og að betri gögn um framkvæmdirnar myndu gera fólki kleift að móta sér afstöðu í málinu. Einn þátttakandi sem var á móti virkjunum taldi að afstaða þeirra sem væru á móti virkjun hefði verið of öfgafull áður, en að það hefði færst til betri vegar þar sem minna væri um upphrópanir en meira rætt um kosti og galla virkjana. Því væri auðveldara að ræða þessi mál í sveitarfélaginu í dag en áður fyrr. Gæði umræðna um virkjanamál voru því nokkuð umdeild en svo virðist sem upplifun margra sé að þær séu að batna og að þær geti orðið enn betri með auknu samráði og bættri upplýsingamiðlun.

Margt annað var nefnt tengt umræðum um virkjanamál í sveitarfélaginu. Einn þátttakandi taldi að umræða um virkjanamál hefði hafist þegar Landsvirkjun ætlaði að veita Langasjó í Tungnaá og hefði haldið áfram síðan. Annar taldi að stór hluti vandamálsins væri hve langur tími væri liðinn án þess að niðurstaða hefði fengist í málið og að einungis röðun virkjanakostanna í verndarflokk byndi endi á umræðuna. Nefnt var að erfitt væri að útskýra afstöðu virkjunarsinna fyrir ferðamönnum og öðru aðkomufólki. Loks var það nefnt að erfitt sé að sjá samfélagslegu áhrifin fyrir. Fjölbætt áhrif virkjana eru því til umræðu í Skaftárhreppi og valda sum þeirra miklum deilum en önnur ekki og ljóst er að upplifun þátttakenda af gæðum og áhrifum umræðanna er mjög persónubundin.

Mat þátttakenda á því hvort deilur um virkjanamál hafi valdið breytingum á samstöðu íbúa í sveitarfélaginu var sömuleiðis mjög persónubundin. Einn þátttakandi orðaði það svo að sumir þrífust á átökum en aðrir yrðu stressaðir við þau. Sumir álitu að deilurnar hefðu afar lítil áhrif á samskipti þeirra við sveitunga sína. Annar nefndi að að fólk í sveitinni talaðist áfram við og léti þetta ekki hafa mikil áhrif á sig. Sömuleiðis var það nefnt að deilurnar hefðu ekki áhrif á daglegt líf fólks en birtust í sveitarstjórnámálum. Í sveitinni hefði t.d. boðið fram stjórn málafl sem hafði það á stefnuskrá að koma í veg fyrir virkjanaframkvæmdir í sveitarfélaginu. Áhrif umræðna um virkjanir hafa því haft áhrif á upplifun sumra íbúa í Skaftárhreppi en ekki allra.

Sumir töldu það heilbrigðismerki fyrir samfélagið að tekist væri á um mál sem skiptu íbúa máli. Í því samhengi var nefnt að það væri eðlilegt að það væru skoðanaskipti og deilur um veigamikil mál og til lengri tíma litið væri betra að kljást um málin og fá niðurstöðu. Þannig yrði fólk sáttara við útkomuna ef því væri leyft að deila. Sömuleiðis væri ekkert hægt að gera í neinu samfélagi án þess að um það sé deilt, með tímanum næðist oftast en ekki sátt. Dæmi var tekið um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sem hafði verið deilt um á svæðinu áður fyrr. Á íbúafundinum settu þátttakendur sig oft í spor andmælenda sinna og gerðu þannig grein fyrir afstöðu þeirra og hvernig hún væri frábrugðin sinni upplifun af málinu og virtust þau skoðanaskipti gefa viðmælendum góða innsýn hugarheim þeirra sem voru þeim ósammála.

Þó sumir hafi talið deilurnar vera eðlilegar eða léttvægar var fjöldi þátttakenda sem nefndi neikvæðar afleiðingar umræðna um virkjanamál á samstöðu íbúa í sveitarfélaginu. Nefnt var að Skaftárhreppur væri lítið samfélag og því yrðu deilur fljótt persónulegar og að deilendur skiptist í hópa eftir því hvort þeir meti efnahagsleg eða náttúruvafarsleg áhrif meira. Þessi umræða geti verið sundrandi og skipt fólki í hópa. Sumir þátttakendur voru ósáttir við að afstaða þeirra væri merkt ákveðnum formerkjum í stað þess að tekið væri mark á rökum þeirra. Þeir væru sagðir vera á móti uppbyggingu á svæðinu, öfgafullir náttúruverndarsinnar, landníðingar og fleira í þeim dúr.

Oft var nefnt að umræða um virkjanamál hefði haft slæm áhrif á samstöðu í sveitarfélaginu. Talað var um að fólk heilsaðist ekki vegna ósættis um afstöðu í virkjunarmálum. Þetta ætti bæði við um virkjunar- og verndarsinna. Einn nefndi að landeigendur við Búlandsvirkjun yrðu ósáttir og myndu flytja ef virkjað yrði og annar nefndi að það geti líka valdið sundrung ef ekki væri virkjað. Þá var spurt hvor málstaðurinn ætti að njóta vafans. Vísað var til dæma um virkjanaframkvæmdir í Árnessýslu þar sem þátttakendur töldu að virkjanir hefðu haft neikvæð áhrif á samstöðu íbúa. Nefnt var að dæmi væru um að fólk hafi flust af svæðinu vegna deilnanna. Talið var slæmt að hafa ákvörðunina hangandi yfir sveitarfélaginu, þar sem ekki sæi fyrir lokin á deilunum. Því vildi einn meina að skaðinn væri þegar skeður og að sárin gætu verið lengi að gróa.

Ljóst má vera að töluverðar umræður hafa átt sér stað um virkjanamál í Skaftárhreppi. Upplifun fólks af þeim er afar persónubundin, sumir upplifa ekki teljandi áhrif, aðrir telja skoðanaskiptin vera eðlileg og góð og enn aðrir telja þau hafa valdið sundrung milli íbúa. Af íbúafundinum að dæma er ljóst að þrátt fyrir sterkar skoðanir er hægt að ræða þessi mál á jafningjagrunðvelli innan sveitarfélagsins, svo ekki er útilokað að hægt sé að eiga uppbyggilegar umræður um málefnið innan sveitarfélagsins. Í það minnsta virðist ekki útilokað að mögulegt sé að eiga umræður um málefnið án þess að það valdi sundrung meðal íbúa. Miðað við ummæli margra þátttakenda hefur slíkt jákvæð áhrif á samstöðu íbúa innan sveitarfélagsins.

Samfélag – Annað

Fjölbreyttar umræður áttu sér stað um hvaða breytingar myndu verða á samfélaginu í Skaftárhreppi ef virkjað yrði. Eðli málsins samkvæmt voru skiptar skoðanir um málið en margir treystu sér til að leggja almennt mat á það hvort virkjun myndi breyta samfélaginu til hins betra eða verra. Margir nefndu að Skaftfellinger væru frumkvöðlar í virkjanamálum á landinu og að það myndi hafa jákvæð áhrif á samfélagið að fylgja í þau fótspor. Aðrir töldu að tekjur af virkjunum myndu ekki vega upp neikvæð samfélagsleg áhrif hennar og áhrif á aðrar atvinnugreinar. Rætt var um hvort skoða ætti samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið í heild eða áhrifasvæði virkjunarinnar sérstaklega. Það sem stóð upp úr í þessum umræðum var þó að margir íbúar eru óánægðir með dreifikerfi rafmagns á svæðinu. Nokkuð var rætt um breytingar á mannfjölda og aðrar samfélagslegar breytingar sem gætu fylgt ef virkjað yrði.

Meðal þess sem þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana nefndu oftast var skortur á þriggja fasa rafmagni í sveitarfélaginu og vandamál við dreifikerfi rafmagns. Talið var að skortur á þriggja fasa rafmagni stæði landbúnaði og annarri atvinnustarfsemi á svæðinu fyrir þrifum. Á

næstu árum þyrfti að stækka búin en það yrði ekki gert nema dreifikerfi rafmangs í sveitarfélaginu yrði bætt. Eins og staðan væri í dag þyrfti atvinnustarfsemi sem reiddi sig á stöðugt rafmagn að notast við eigin díselrafstöð. Virkjunaraðilar þyrftu að lagfæra það ef virkjað yrði í sveitarfélaginu, en aðrir töldu að ráðast ætti í þessa framkvæmd óháð því hvort virkjað væri eða ekki.

Þá áttu sér stað umræður um hvort það væri nóg framboð af rafmagni í sveitarfélaginu, en einhverjir töldu að vandamálið lægi frekar í því að dreifikerfi rafmagns væri ekki nógu gott í Skaftárhreppi. Einhverjir töldu að sveitarfélagið væri ekki þjónustað nægilega vel þar sem rafmagnslína sem liggur til sveitarfélagsins geti ekki flutt rafmagn til svæðisins. Því væri viðbúið að rafmagn sem framleitt væri á svæðinu myndi ekki vera notað í sveitarfélaginu. Annar nefndi að virkjun myndi tryggja raforkuöryggi í sveitarfélaginu og nefndi einn aðili að virkjun myndi auka öryggistilfinningu íbúa gagnvart rafmagnsleysi. Loks var spurt að því hvort virkjun myndi lækka rafmagnsverð til íbúa á svæðinu og hvort slíkt hefði verið uppi á teningunum á Austurlandi eftir að virkjað var þar en umræðuhópurinn taldi að ekki lægju fyrir upplýsingar um það. Alltént virðast íbúar í Skaftárhreppi velta nokkuð fyrir sér rafmagnsmálum í sveitarfélaginu sem þeir telja flestir að sé ekki í nægilega góðu ástandi í dag og er þessi umræða nátengd umræðum um virkjanamál í hugum margra íbúa.

Nokkuð var rætt um breytingar á mannfjölda í sveitarfélaginu ef virkjað yrði. Nefndu nokkrir að þróunin síðustu ár eða áratugi hafi verið sú að íbúar, sér í lagi ungt fólk, hafi flust af svæðinu og ekki komið til baka. Ferðaþjónusta hafi að miklu leyti vegið á móti þessari þróun þar sem margir hefðu atvinnu af henni. Þátttakendum á íbúafundinum þótti nokkuð erfitt að áætla breytingar á mannfjölda enda væru þær háðar nýtingu orkunnar sem virkjuð yrði. Flestir voru sammála um að fólki myndi fjölga á framkvæmdatímanum en skiptar skoðanir voru á því hvort fólki myndi fjölga til frambúðar. Margir nefndu að fólki myndi fjölga við aukin atvinnutækifæri á svæðinu en aðrir höfðu áhyggjur af því að fólki myndi fækka að framkvæmdatímanum loknum og þá sæti sveitarfélagið eftir með offramboð á húsnæði og þjónustu sem byggja þyrftu upp í tengslum við aukinn mannfjölda. Mannfjöldabreytingar voru þó taldar háðar mörgum öðrum breytum svo mörgum reyndist erfitt að spá fyrir um hverjar þær myndu vera að svo stöddu.

Aðeins var rætt um hvernig virkjanir myndu geta haft mismunandi áhrif á ólíka hópa innan samfélagsins, svo sem á kynin og aldurshópa. Margir töldu að áhrifin væru svipuð á íbúa óháð bakgrunni. Aðrir nefndu að karlmenn, sér í lagi ungir karlmenn, væru líklegri til að fá vinnu á framkvæmdatímanum, en óvíst væri hvað þeir ættu að vinna við eftir það. Þessu var oft teflt gegn störfum við ferðaþjónustu en einhvern nefndi að þar gætu bæði kynin fengið störf til lengri tíma. Einhver nefndi að framkvæmdirnar hefðu ekki mikil áhrif á fyrirtæki á svæðinu þar sem stærri

fyrirtæki þyrfti til að sinna framkvæmdunum, þó mögulegt væri að þau gætu starfað sem undirverktakar. Aðrir töldu að ungt fólk myndi flytja til svæðisins þar sem aukna atvinnu væri að fá og að lykilatriði fyrir sveitarfélagið væri að fá menntað fólk til að flytjast á svæðið. Þó virðast fáir þátttakendur telja að samfélagslegu áhrifin til lengri tíma litið séu mjög ólík eftir bakgrunni íbúa.

Þátttakendur á íbúafundinum áttu margir hverjir erfitt með að sjá tengingu milli virkjana og heilsufars. Helst var það nefnt að deilur um virkjanamál gætu valdið andlegri vanlíðan og að mögulegt væri að fólk hefði svo sterka tengingu við náttúru á svæðinu að breytingar á henni myndu valda óhamingju. Fáir virðast þó hafa tjáð sig sérstaklega um heilsufarsleg áhrif virkjana.

Rætt var lítillega um þörf á bættum innviðum í sveitarfélaginu. Mikið var talað um vegasamgöngur og rafmagn í sveitarfélaginu en margt annað var nefnt. Eitt af því sem talið var standa svæðinu helst fyrir þrifum var að það væri engin höfn á svæðinu og af þeim sökum væri illmögulegt að byggja upp ýmsar tegundir atvinnustarfsemi, sér í lagi stóriðju. Þó var það nefnt að leita mætti uppi aðra orkufreka starfsemi sem hægt væri að hafa á svæðinu, svo sem gagnaver. Nokkrir nefndu að skortur væri á húsnæði í sveitarfélaginu, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu. Einhver benti á að með íbúar þyrftu sjálfir að hafa frumkvæði að því að bæta samfélagið. Annar nefndi að ef ekki yrði virkjað myndi lítið breytast innan sveitarfélagsins.

Íbúar í Skaftárhreppi virðast hafa töluverða trú á möguleikum í sveitarfélaginu til framtíðar en deilir á um framtíðarsýn. Hluti íbúa vill virkjanir sem þeir telja að muni auka atvinnumöguleika í sveitarfélaginu. Annar hluti íbúa telur að virkjanir hafi neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og því á samfélagið í heild. Almenn samstaða virðist vera um að bæta þurfi úr rafmagnsmálum í sveitarfélaginu með því að koma á þriggja fasa dreifikerfi. Aðrar breytingar eru umdeildari og velta margar hverjar á því hvernig orkan yrði nýtt ef virkjað yrði.

Stjórnmal, áhrif á sveitarfélagið og opinbera þjónustu

Á íbúafundinum var aðeins fjallað um áhrif virkjanamála á stjórnmal í sveitarfélaginu. Þessar umræður lutu flestar að fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélagið og hvaða þjónustu hið opinbera myndi veita á framkvæmdatímanum ef virkjað yrði. Þá var nokkuð rætt um hversu langvarandi þörfin fyrir aukna þjónustu væri. Einnig var stuttlega vikið að áhrifum virkjanamála á stjórnmalalíf innan sveitarfélagsins í nokkrum umræðuhópum.

Þau áhrif virkjana á hið opinbera sem mest var rætt um á íbúafundinum voru fasteignagjöld og aðrar skatttekjur sem fengjust af virkjunum. Flestir íbúar töldu að fjárhagur sveitarfélagsins myndi batna vegna fasteignagjalda af stöðvarhúsum virkjana ef ráðist væri í framkvæmdir. Sumir töldu fasteignagjöldin ekki vera mikla upphæð og var því t.a.m. teft á móti tekjum af hótélum sem einhverjir töldu að yrðu ekki byggð vegna neikvæðra áhrifa virkjana á ferðaþjónustu. Þátttakendur vísuðu í máli sínu í sögu annarra sveitarfélaga, svo sem Ásahrepps, sem talin voru hafa bætt fjárhagsstöðu sína vegna virkjana, en einhverjir töldu að lítil uppbygging önnur hafi átt sér stað í þessum sveitarfélögum eftir að virkjað var. Upphæðir sem fengjust af fasteignagjöldum voru nokkuð á reiki en flestir töldu þær geta verið nokkrar milljónir sem myndu fara langt með að laga fjárhag sveitarfélagsins.

Sumir þátttakendur töldu að virkjanir myndu bæta fjárhag sveitarfélagsins með auknum útsvarstekjum vegna fleiri starfa á svæðinu. Margir hörmuðu að starfsfólk í sveitarfélaginu greiddi ekki útsvar í Skaftárhreppi og töldu sumir að sama staða myndi koma upp varðandi verkafólk á byggingartíma virkjana. Aðrir töldu að störfum myndi fjölga til frambúðar og því kæmu auknar útsvarstekjur til sveitarfélagsins. Einnig var nefnt að við gerð samninga ætti að semja um að sveitarfélagið fengi ákveðna prósentu af tekjum virkjunarinnar árlega. Áhrif virkjana á fjárhag sveitarfélagsins voru því nokkuð umdeild, margir töldu að fasteignagjöld myndu skila peningum en aðrir töldu að aðrar atvinnugreinar yrðu fyrir skaða svo minna myndi skila sér að lokum.

Nokkuð var rætt um opinbera þjónustu sveitarfélagsins í tengslum við virkjanamál, sér í lagi á framkvæmdatímanum. Sumir töldu að hún myndi aukast eða verða betri ef virkjað væri. Meðal þjónustu sem þátttakendur nefndu að myndi mögulega bjóðast ef virkjað yrði var bætt íþróttahúsnæði og heilbrigðisþjónusta miðað við það sem nú er. Margir nefndu að bregðast þyrfti við aukinni eftirspurn eftir þjónustu á framkvæmdatímanum. Í því samhengi var nefnt að dýrt væri að byggja upp heilbrigðis- og menntaþjónustu fyrir aukinn mannfjölda á framkvæmdatímanum ef fólki myndi fækka að honum loknum auk þess sem hið opinbera þyrfti að hafa eftirlit með framkvæmdum. Nefnt var að þjónusta sveitarfélagsins í dag væri umfangslítill svo erfitt væri að bregðast við miklum breytingum. Þátttakendum fannst því mikilvægt að brugðist yrði við aukinni eftirspurn eftir þjónustu á framkvæmdatímanum ef virkjað yrði en deilt var um hvort og hversu mikið þjónusta myndi breytast ef ákveðið yrði að virkja.

Fáir nefndu bein áhrif virkjanamála á stjórnsmál í sveitarfélaginu. Nefnt var að stjórnsmálaafli hafi boðið sig fram með andstöðu við virkjanir sem sitt helsta stefnumál og talað var um að virkjanamál væru meðal umdeildustu mála innan sveitarfélagsins. Sumir vildu meina að þó umræða um

VirkJanamál hefði ekki áhrif á daglegt líf kraumaði hún undir niðri. Umræða um virkjanamál var þó mun oftar nefnd í samhengi við samskipti milli íbúa en í samhengi við stjórnmalalíf í sveitarfélaginu.

Umræður um áhrif á sveitarfélagið í stjórnsýslulegum skilningi fjölluðu því helst um mögulegar tekjur þess og þá þjónustu sem þyrfti að veita ef virkjað yrði. Margir þátttakendur töldu að sveitarfélagið fengi fasteignagjöld og aðrar tegundir skattaheimtu af virkjuninni sem myndi bæta rekstur þess, en deilt var um hvort sveitarfélagið væri betur sett með því að huga að öðrum atvinnugreinum. Einnig var bent á þörfina á að bregðast við breytingum á framkvæmdatímanum með aukinni opinberri þjónustu.

Efnahagur

Á íbúafundinum var nokkuð rætt um efnahagsleg áhrif virkjana, aðallega í tengslum við hvaða breytingar yrðu á atvinnuhorfum íbúa ef virkjað yrði. Þar sem mikið var rætt um áhrif virkjana á atvinnumál, og sérstaklega ferðapjónustu, verður þeim umræðum gert skil í sérstökum undirköflum hér á eftir. Umræður um efnahagsmál snerust að öðru leyti helst um áhrif virkjanaframkvæmda á efnahagslífið almennt, á sveitarfélagið og á landeigendur. Heilt yfir virðast ívið fleiri hafa talið efnahagslegar breytingar í kjölfar virkjanaframkvæmda verða jákvæðar en neikvæðar, en mjög skiptar skoðanir voru um efnahagsleg áhrif virkjana. Samstaða var hins vegar um að ágóði af virkjanaframkvæmdum, ef einhver yrði, skyldi nýtast íbúum Skaftárhrepps.

Þeir sem töldu að virkjun myndi hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið á svæðinu ræddu mikið um áhrif virkjana á fjárhag sveitarfélagsins. Talað var um að greiðslur fasteignagjalda af virkjuninni myndu styrkja rekstur sveitarfélagsins. Sömuleiðis yrðu greiddir skattar af sölu lands undir virkjunina og fleiri störf myndu skila auknu útsvari. Með betri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og jafnvel fólksfjölgun í hreppnum myndi opinber þjónusta aukast. Virkjanir myndu þannig stuðla að bættum efnahag fyrir samfélagið í heild. Þó var bent á að hagnaður af virkjun færi eftir því hvernig samningar yrðu gerðir við framkvæmdaaðilann. Þannig skipti máli hvort greidd yrði eingreiðsla til sveitarfélagsins eða árleg upphæð á meðan virkjunin væri í notkun. Nefnt var að framkvæmdaaðili yrði að haga málum þannig að sveitarfélagið græddi á framkvæmdunum, þá með því að tryggja aukna atvinnu.

Á hinn bóginn voru einnig margir sem töldu fjárhagslegan ávinning af virkjun fyrir sveitarfélagið vera óverulegan eða ekki nægilega mikinn til að ráðast í framkvæmdir. Einn benti á að fólksfjölgun á framkvæmdatíma gæti haft í för með sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélagið til heilbrigðisþjónustu og menntastofnana sem hefði slæm áhrif eftir að fólksfjölgunin gengi til baka. Annar taldi að lítill

ávinningur yrði af virkjun þar sem orkan færi öll á almennt dreifikerfi og enn annar taldi stórfyrirtæki aðallega stýrast af gróðahugsun.

Í umræðunum töldu margir að landeigendur myndu græða mest á virkjanaframkvæmdum. Þeir fengju greitt fyrir lónsstæðin frá framkvæmdaaðila. Þótti mörgum víst að landeigendur á fyrirhuguðu virkjanasvæði væru almennt fylgjandi framkvæmdum vegna efnahagslegs ávinnings. Einn þátttakandi taldi að landeigendur sem hefðu ekki fasta búsetu á svæðinu myndu græða mest. Aðrir bentu hins vegar á að skattgreiðslur landeigenda af sölunni yrðu myndarlegar.

Þegar rætt var um hvernig skipta ætti ávinningi af virkjunum á svæðinu kom í ljós mikil samstaða um að hagnaður af virkjun skilaði sér til sveitarfélagsins. Í umræðum um spurningu um hvernig réttlátast væri að skipta arði af virkjunum var til dæmis eitt borðið sammála um að allir í sveitarfélaginu þyrftu að njóta góðs af. Enginn túlkaði spurninguna svo að hún ætti við um skiptingu milli sveitarfélagsins og landsins í heild eða milli sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila, heldur aðeins hvernig skipta ætti ágóðanum innan sveitarfélagsins. Margir þátttakendur sögðu mikilvægt að gróði nýttist öllum en ekki bara landeigendum. Einnig voru þeir sem vildu að þjóðin í heild nyti ágóða af auðlindanýtingu frekar en einkaaðilar. Nokkrir voru óánægðir með að umræða um virkjanamál snerist aðallega um fjármál og efnahag. Slík umræða væri ekki fullnægjandi þar sem náttúran hefði ákveðið gildi í sjálfri sér. Einnig var talað um að fólk skiptist í hópa eftir því hvort það hagnaðist af virkjanaframkvæmdum eða ekki. Þannig væru landeigendur á svæði virkjananna helst fylgjandi framkvæmdum vegna gróðasjónarmiða.

Af ofansögðu sést að skiptar skoðanir voru um áhrif virkjana á efnahagslíf en þó voru fleiri sem töldu áhrifin vera jákvæð en neikvæð. Margir töldu líklegt að sveitarfélagið myndi hagnast á virkjanaframkvæmdum en þó voru skiptar skoðanir um hversu mikið og til hve langs tíma. Nokkur samstaða virtist ríkja meðal þátttakenda um að virkjun eigi að skila ávinningi í heimabyggð, með þeim hætti að sem flestir fengju að njóta fjárhagslegs ávinnings. Almennt virðast því íbúar í Skaftárhreppi sjá fyrir sér að nokkur fjárhagslegur ávinningur geti verið af virkjunum í sveitarfélaginu, en umræður um neikvæðar efnahagslegar afleiðingar áttu sér oftast stað í umræðum um áhrif á einstakar atvinnugreinar.

Atvinna

Hægt er að skipta umræðum um atvinnumál í tvö þemu. Í fyrsta lagi umræðu um áhrif virkjana á atvinnutækifæri á svæðinu og hins vegar umræðu um áhrif virkjana á tiltekna atvinnuvegi, aðallega

landbúnað og ferðaþjónustu. Talið var að atvinnutækifæri myndu aukast á framkvæmdatímanum en deilt var um hvort þau yrðu fyrir hendi að honum loknum. Töluvert var rætt um áhrif á helstu atvinnugrein svæðisins, ferðaþjónustu (sem verður gerð skil í næsta kafla) og landbúnað.

Margir töldu að virkjanaframkvæmdir gætu aukið atvinnuframboð á svæðinu og þannig bætt fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem og hag íbúa. Ekki væri bara um að ræða störf við framkvæmdina heldur einnig aukin tækifæri í þjónustustörfum. Mögulega gætu framkvæmdir þannig stuðlað að fólksfjölgun í hreppnum eða í það minnsta stöðvað fólksfækkun. Einn þátttakandi orðaði það svo að það skipti mestu máli að auka framþróun í samfélaginu svo atvinnutækifærum fjölgaði sem og íbúum. Nokkrir nefndu sérstaklega atvinnutækifæri sem gætu skapast fyrir ungt og menntað fólk, t.d. í gagnaverum. Annar benti á að jákvætt væri að fá heilsársstörf fyrir fólk á svæðinu þar sem stór hluti starfa væri árstíðarbundinn, bæði í ferðaþjónustu og búskap.

Hins vegar voru margir sem lýstu efasemdum um að störf sköpuðust fyrir heimamenn. Ekki væri gefið að virkjanaframkvæmdir yrðu atvinnuskapandi og ekki víst að margir úr hreppnum fengju vinnu við þær. Einnig voru þeir sem efuðust um að virkjun myndi skila vinnu fyrir verktakafyrirtæki á svæðinu. Auk þess var bent var á að líklegri væri að þau atvinnutækifæri sem sköpuðust myndu frekar bjóðast körlum en konum. Nokkrir töldu líklegt að vinnuaflið við virkjunina og framkvæmdirnar yrði aðflutt og hefðu þannig yrðu lítil áhrif á íbúafjölda og útsvarstekjur. Talað um að á svæðinu skorti vinnuafli, þannig að frekar vantaði fólk í störf heldur en störf fyrir fólk. Sumir vildu að áherslan yrði á að byggja upp innviði á svæðinu og auka við húsnæði, þar sem atvinnuleysi væri ekki ástæða fólksfækkunar.

Algengt var að þátttakendur greindu á milli skammtíma- og langtímaáhrifa virkjanaframkvæmda. Margir voru óvissir um að fleiri störf myndu verða í Skaftárhreppi að framkvæmdatímanum loknum og töldu sumir betra fyrir efnahaginn að virkja ekki. Í því samhengi var rætt um að störfum myndi fjölga á meðan á framkvæmdum stæði en ekki til frambúðar. Nokkrir töluðu um tímabundna innspýtingu eða þenslu á framkvæmdatíma. Nefnt var að tækniframfarir hefðu í för með sér að hægt væri að stjórna virkjunum að miklu leyti til frá Reykjavík. Þannig myndu ekki skapast mörg störf í kringum virkjanir til frambúðar en það gæti hins vegar leitt til ljósleiðaravæðingar eða bættra fjarskipta í sveitarfélaginu. Einn benti hins vegar á að þrátt fyrir að mögulega yrðu fá störf tengd virkjun þá myndi hvert starf hafa mikil áhrif í fámennu sveitarfélagi eins og Skaftárhreppi.

Í umræðum um áhrif virkjana á aðra atvinnuvegi var talsvert rætt um áhrif virkjana á landbúnað. Skiptar skoðanir voru um stöðu landbúnaðar á svæðinu, þar sem sumir töldu landbúnað vera að

dragast saman en aðrir töldu hann vera í uppgangi. Nokkrir bentu á að gott væri að fá fjölbreytni í atvinnuvegi á svæðinu þar sem landbúnaður væri svo stór þáttur. Einhverjir töldu að aukavinna yrði kærkomin fyrir bændur á meðan öðrum fannst ekki líklegt að bændur hlupu frá búskap til vinnu við virkjanir. Nokkrir sögðu að virkjun hefði slæm áhrif á búskap bænda á virkjanasvæði að því marki að sumir myndu ekki sjá sér fært að halda áfram búskap. Bændur myndu þá þurfa að verja landsvæði sitt fyrir mengun eða skemmdum frá virkjunarsvæði og nú þegar stæði yfir mikil barátta við náttúruna vegna jökulhlaupa og sandfoks. Sumir lýstu áhuga á að samtvinna ferðaþjónustu og landbúnað og töldu að virkjun hefði slæm áhrif á slík tækifæri.

Þátttakendum var tíðrætt um nauðsyn þess fyrir landbúnað og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu að fá þriggja fasa rafmagn. Margir töldu að virkjun myndi leiða til betri raflagna og hvetja þannig til uppbyggingar í landbúnaði. Bent var á að nútímafjós krefðust þriggja fasa rafmagns, en fá mjólkurbú í Skaftárhreppi stæðu undir þeim kröfum. Þriggja fasa rafmagn myndi auðvelda uppbyggingu á svæðinu. Einn benti á að í hreppnum væri mikið sléttlendi og ræktunarland en ekki væri hægt að auka við framleiðsluna vegna þess að ekki væri þriggja fasa rafmagn. Annar talaði um stöðnun í matvælaíðnaði. Enn annar sagði hins vegar að ekki vantaði rafmagnið heldur dreifikerfið og málið væri þannig ótengt virkjunarumræðu.

Atvinnumál virtust almennt talin mikilvægur þáttur þegar hugað væri að virkjanaframkvæmdum. Einn þeirra sem var heldur andvígur virkjunum nefndi til að mynda að ef stór vinnustaður byggðist upp á svæðinu vegna virkjana væri erfitt að setja sig upp á móti framkvæmdunum. Annar sagði að betra væri að atvinnuvegir stækkuðu innan frá, líkt og ætti við um búskap og ferðaþjónustu, heldur en að eitthvað kæmi utan frá. Annar taldi heimamenn skorta frumkvæði og benti á að ekki væri hægt að sjá fyrirfram hvað kæmi í staðinn ef ekki væri virkjað. Enn annar taldi að til lengri tíma lituðu gætu virkjanaframkvæmdir haft neikvæð áhrif því ef ekki væri virkjað gætu frekar skapast tækifæri fyrir ungt fólk í framtíðinni.

Ljóst er að atvinnusköpun skiptir miklu þegar íbúar í Skaftárhreppi mynda sér skoðun á virkjanaframkvæmdum. Sumir töldu að virkjun myndi leiða til aukinnar atvinnu í hreppnum og leiða af sér hagsæld og fólksfjölgun. Aðrir töldu ólíklegt að virkjanaframkvæmdir myndu gefa af sér mikla vinnu fyrir heimamenn, þær myndu hafa neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar eða áhrifin yrðu tímabundin. Ekki er hægt að segja að meirihluti hafi verið fyrir annarri hvorri afstöðunni. Sömu sögu er að segja um afstöðu til áhrifa virkjana á landbúnað. Helst voru þátttakendur sammála um nauðsyn þess að fá þriggja fasa rafmagn í hreppin til að byggja upp frekari atvinnustarfsemi í

sveitarfélaginu. Af umræðum á íbúafundi að dæma eru atvinnumál meðal þeirra þátta sem vega þyngst við mótun afstöðu íbúa í Skaftárhreppi til samfélagslegra áhrifa virkjana.

Ferðapjónusta

Í umræðum um áhrif virkjana á atvinnumál varð þátttakendum tíðrætt um ferðapjónustuna. Hægt er að skipta umræðum um áhrif virkjana á ferðapjónustuna í tvö þemu. Annað þemað snýr að því hvort vatnsaflsvirkjanir hafi áhrif, jákvæð eða neikvæð, á ferðapjónustu. Ívið fleiri ummæli voru á þann veg að vatnsaflsvirkjanir hefðu frekar neikvæð áhrif en jákvæð, en óhætt er að segja að skiptar skoðanir hafi verið um málið. Hitt stóra þemað voru umræður um stöðu ferðapjónustunnar sem einnar stærstu atvinnugreinar svæðisins. Annars vegar voru þeir sem töldu uppbyggingu í ferðapjónustu mikilvægari eða betri en framkvæmdir við vatnsaflsvirkjanir, og vildu auka stuðning við hana. Hins vegar voru þeir sem töldu nauðsynlegt að auka fjölbreytni í atvinnuvegum, þá með vatnsaflsvirkjun.

Þeir sem töldu að virkjanir hefðu neikvæð áhrif á ferðapjónustu lýstu áhyggjum sínum af áhrifum virkjana á atvinnugreinina. Ferðapjónusta væri orðin mikil fjárhagsleg stoð í sveitarfélaginu og virkjun gæti valdið atvinnugreininni skaða. Þannig gæti virkjun jafnvel haft í för með sér samdrátt í atvinnulífi í hreppnum. Skaðinn var almennt talinn koma af umhverfisspjöllum, sérstaklega á hálendinu sem væri vinsæll áfangastaður ferðamanna. Til að mynda var bent á möguleg áhrif virkjana á ímynd svæðisins sem ferðapjónustusvæðis með óspilltri náttúru. Talað var um að svæðið væri eitt síðasta ósnerta víðernið á landinu í nánd við byggð og að það væri auðlind fyrir ferðapjónustuna. Einn benti á að ef nýting væri skoðuð út frá öðrum kostum en að virkja vatnsorkuna horfðu hlutirnir öðru vísi við og melar sem sumum fyndust ómerkilegir vektu mikla athygli í ferðapjónustunni. Annar nefndi að hægt væri að gera gönguleiðir á borð við Laugaveginna á svæðinu en virkjanakostir myndu þá standa í vegi fyrir því að miklar tekjur kæmu af því.

Á hinn bóginn var það skoðun margra að ferðapjónustan myndi ekki bera skaða af virkjanaframkvæmdum. Þvert á móti gætu virkjanir aukið möguleika í ferðapjónustu. Nokkrir bentu á að ferðamenn gætu haft áhuga á að sjá mannvirkin og nefnt var að stöðugur straumur fólks væri að skoða virkjanir þar sem þær væru, þar sem útlendingar hefðu áhuga á að sjá hvernig orkan væri unnin hér. Nokkrar umræður áttu sér stað um þetta atriði, þ.e. hvort þeir ferðamenn sem kæmu til Íslands væru í leit að ósnortinni náttúru og hvort þeir myndu hafa áhuga á að skoða mannvirki á borð við virkjanir. Sömuleiðis var bent var á að virkjanaframkvæmdir gætu komið ferðapjónustunni til góða með lagningu vega inn á hálendið. Bent var á að ferðamönnum hefði fjölgað upp á hálendið

við Kárahnjúkavirkjun vegna bættra vega. Aðgengi hefði batnað að Snæfelli og fleiri hefðu fengið að njóta náttúrunnar þar. Meðal þeirra sem töldu áhrif virkjana á ferðapjónustu vera neikvæð lýstu sumir því yfir að vegaframkvæmdir þyrftu ekki endilega að fylgja virkjanaframkvæmdum.

Í umræðunum kom oft fram það sjónarhorn að uppbygging í ferðapjónustu væri ákjósanlegri en virkjanaframkvæmdir. Ummælin báru ekki endilega vott um að viðkomandi teldi áhrif af virkjunum á ferðapjónustu vera neikvæð heldur var bent á að kostir þess að efla ferðapjónustu umfram vægju þyngra en kostir virkjanaframkvæmda. Nokkrir ítrekuðu mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir hreppinn og töldu uppgangi hennar hafa komið í veg fyrir fólksfækkun á svæðinu. Lýst var efasemdum um að virkjanir myndu hafa þau áhrif að fjölga búandi á svæðinu þar sem ferðapjónustuna vantaði bæði starfsfólk og húsnæði fyrir það. Nefnt var að í ferðapjónustu væru fleiri atvinnutækifæri fyrir bæði kynin á meðan virkjunarframkvæmdir myndu aðallega veita ungum karlmönnum vinnu. Einn taldi sveitarfélagið vera gott dæmi um það að það væru aðrir hlutir en virkjanir sem kæmu byggðinni að gagni, t.d. ferðapjónusta. Annar taldi að eitt hótél á svæðinu myndi greiða meira til sveitarfélagsins en fasteignagjöld af virkjun.

Á hinn bóginn voru margir sem töldu að hreppurinn treysti um of á ferðapjónustu. Ferðapjónustan væri það eina sem væri í framþróun á svæðinu á meðan landbúnaður væri að dragast saman. Því væri gott að virkja til að þess að auka fjölbreytni í atvinnuvegum. Ekki væri gott að treysta um of á einn atvinnuveg og ekki væri hægt að vita hvort ferðapjónusta yrði öflug til lengri tíma. Talað var um að stærstur hluti vinnuaflds í ferðapjónustu væri utanaðkomandi og greiddi því ekki útsvar til hreppsins. Einn benti á að þrátt fyrir uppgang í ferðapjónustu hefði orðið fólksfækkun í hreppnum. Bygging virkjana var þannig álitin auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu af sumum þátttakendum.

Sjá má að þátttakendur á íbúafundinum voru nokkuð klofnir í afstöðu sinni til ferðapjónustu á svæðinu og áhrifum virkjana á hana. Sumir töldu ferðapjónustu vera ákjósanlegan atvinnuveg fyrir hreppinn á meðan aðrir töldu óskynsamlegt að reiða sig á ferðapjónustuna eina. Margir töldu virkjanir geta spillt fyrir ferðapjónustunni með því að eyðileggja óspillta náttúru en aðrir bentu á tækifærin sem fælust í framkvæmdum fyrir ferðapjónustuna, m.a. með vegaframkvæmdum. Áhrif virkjana á ferðapjónustu, sem margir íbúar í Skaftárheppi starfa við, voru því mikið til umræðu á íbúafundinum, en lítil samhljómur var um hvort áhrif virkjana á atvinnugreinina væru jákvæð eða neikvæð.

Framkvæmdir og framkvæmdaaðilar

Bygging virkjana og aðrar tengdar framkvæmdir voru ekki á meðal þess sem mest var rætt um á íbúafundinum. Þó kom það fyrir og snérust þær umræður aðallega um hvaða samfélagslegu áhrif myndu eiga sér stað á þeim tíma sem bygging virkjananna stæði yfir. Nokkuð var rætt um samgöngubætur sem þátttakendur töldu að gætu fylgt virkjunum og nokkrar aðrar framkvæmdir voru nefndar. Afar fá ummæli snérust um hlutverk framkvæmdaaðila.

Margir þátttakendur vildu aðskilja samfélagsleg áhrif á framkvæmdatímanum frá samfélagslegum áhrifum til lengri tíma. Þátttakendur töldu margir hverjir að á framkvæmdatímanum myndi störfum fjölga og fleiri búa á svæðinu, en ekki voru allir á því að sú fjölgun myndi vera til framtíðar. Flestir voru á því að efnahagsleg uppsveifla myndi vera á framkvæmdatímanum en sumir vildu meina að það kæmi í veg fyrir atvinnuuppbyggingu til lengri tíma litið. Nefnt var að bæði vinnuafli og hráefni til framkvæmda kæmu erlendis frá, að karlar væru jákvæðari fyrir uppgripum á framkvæmdatímanum og að opinber þjónusta myndi aukast á þessum tíma. Aðrir nefndu að meira mannlíf myndi fylgja framkvæmdunum, að ungt fólk myndi sjá tækifæri á framkvæmdatímanum og sömuleiðis starfsemi sem þjónustar byggingaraðila. Vísað var í dæmi af fyrri framkvæmdum því til stuðnings og að mikill kraftur hefði verið í tengslum við þá uppbyggingu. Flestir voru sammála um að samfélagið myndi breytast mikið á framkvæmdatímanum en helst var deilt um hvort áhrifin yrðu til lengri eða skemmri tíma.

Á íbúafundinum var oft nefnt að bættar samgöngur væru meðal jákvæðustu áhrifanna sem fylgja myndu virkjanaframkvæmdum. Fáir nefndu sérstök dæmi um hvaða vegafamkvæmdir var átt við en ljóst er að margir töldu að einhverjar samgöngubætur yrðu gerðar og að vegafamkvæmdir myndu hafa jákvæð áhrif á annað atvinnulíf í sveitarfélaginu. Sérstaklega var þetta nefnt í tengslum við ferðaþjónustuna, vegir inn á hálendið myndu auka ferðamannastrauminn þangað. Fólk hafi uppgötvað ný svæði með bættum vegum. Minnst var á að bættar samgöngur væru jákvæðar í sjálfu sér og ætti ekki að beintengja þær við virkjanaframkvæmdir. Samgöngubæturnar virðast hafa verið ofarlega í huga margra og er ekki að sjá að fólk hafi andmælt þeim í umræðum á íbúafundi.

Margt annað bar á góma í tengslum við virkjunarframkvæmdir. Þar ber helst að nefna umræður um línur og lagnir sem myndu hafa áhrif á umhverfið, en margir töldu það vera sjónmengun. Þeir sem ræddu þetta virtust hlynntari því að leggja raflínur í jörð, þó ekki hafi allir verið á því að raflínur spilltu útsýni. Sömuleiðis var mikið rætt um nauðsyn þess að fá þriggja fasa rafmagn í sveitarfélagið sem sumir töldu að myndi fylgja eða ætti að fylgja virkjunum í sveitarfélaginu. Önnur tengd

framkvæmd sem nefnd var er lagning ljósleiðara. Þátttakendum virtist mörgum finnast sanngjarnt að innviðir samfélagsins væru bættir ef virkjun væri byggð í sveitarfélaginu.

Þátttakendur tjáðu sig sjaldan um framkvæmdaaðila á íbúafundinum. Nefnt var að opinbert eftirlit með framkvæmdunum þyrfti að vera mikið og það væri spurning hver myndi greiða fyrir þá vinnu. Lítil reynsla væri af stórfamkvæmdum í sveitarfélaginu en það væri nauðsynlegt að hafa mannafla í eftirlitið. Í svipuðum dúr var nefnt að ekki væri ríkistrygging á bak við framkvæmdir í sveitarfélaginu. Lýst var óánægju með að Suðurorka hefði talað við landeigendur áður en virkjunin var kynnt fyrir samfélaginu og einnig var nefnt að hagsmunir landeigenda hefðu óeðlileg áhrif. Gagnrýnt var að talað hefði verið við hlutaðeigandi aðila, einn í einu, í stað þess að hafa almenna kynningu. Annar nefndi að framkvæmdaaðilar þyrftu að svara því í hvaða röð ætti vinna tvo lykilverkhluta, annars vegar að virkja og hins vegar að finna kaupanda að orkunni. Einhver nefndi að hagsmunir framkvæmdaaðila væru ekki hagsmunir íbúa en aðrir nefndu að vel hefði verið staðið að fyrri framkvæmdum svo sem við byggingu Búrfellsvirkjunar. Þegar á heildina lítið virðast þó fáir hafa haft mikið um framkvæmdaaðila að segja á íbúafundinum.

Umræður á íbúafundinum bera það með sér að þátttakendur hafi ekki rætt mikið um framkvæmdirnar sjálfar og heldur ekki um framkvæmdaaðilana. Þetta má teljast eðlilegt þar sem umfjöllunarefni fundarins var samfélagsleg áhrif virkjana og einblíndu þátttakendur á þau. Þannig lutu umræður um framkvæmdir helst að því hvaða breytingar þær myndu hafa á samfélagið á framkvæmdatímanum og hvaða áhrif tengdar framkvæmdir myndu hafa á daglegt líf íbúa til lengri tíma svo sem með bættum samgöngum.

Orkuframleiðsla – Almenn

Á íbúafundinum var fjallað um orkuframleiðslu, fyrst á almennum nótum en í framhaldi var sérstaklega rætt um mun á virkjanakostum til að fá nánari útlistun á því hvers vegna þátttakendum þótti einn kostur fýsilegri en annar, ef þeir á annað borð töldu vera mun á virkjanakostunum. Almennar umræður um orkuframleiðslu voru nokkrar, en töluvert meira var rætt um nýtingu en framleiðslu. Þó voru áberandi þemu. Til að mynda var töluvert rætt um staðsetningu virkjana og stærð þeirra. Einnig var talað nokkuð um mismunandi orkugjafa. Í þessum kafla verður fjallað um almennar umræður um orkuframleiðslu, en í þeim næsta verður hugað sérstaklega að þeim virkjanakostum sem voru helst til umræðu á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi.

Staðsetningar virkjana skiptu marga þátttakendur máli, en skiptar skoðanir voru á því hvar best væri að virkja. Svo virðist sem fleiri hafi verið hlynntir því að virkjað væri fjarri byggð þar sem áhrif á íbúa væru minnst, en einhverjir bentu á að taka þyrfti tillit til umhverfislegra þátta. Mat flestra sem tjáðu sig um málið var að þær virkjanir sem helst var rætt um á fundinum væru fjarri þéttustu íbúabyggðinni á svæðinu og virðast þeir hafa talið það virkjununum til tekna. Þátttakendur voru sammála um að áhrif virkjana væru mest í nágrenni þeirra, en skiptar skoðanir voru um hvort það væri gott eða slæmt að reisa þær nærri byggð, þó flestir hafi talið betra að þær væru fjarri byggð.

Bygging smávirkjana, sem framleiða minna en 10 megavött og eru því ekki til umfjöllunar hjá Rammaáætlun, var sú orkuframleiðsluhugmynd sem mestur samhljómur var um að væri góður kostur. Svo virðist sem þessi valkostur hafi sérstaklega heillað þá sem vildu ekki ráðast í stærri virkjanaframkvæmdir, svo sem Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun. Töldu þeir sem mæltu fyrir þessum virkjanakostum að þetta myndi nægja til að sjá sveitarfélaginu fyrir orkuþörf þess og að rennslisvirkjanir hefðu minni umhverfisáhrif en stærri virkjanir sem krefðust uppistöðulóna. Nokkrir þátttakendur furðuðu sig á að ekki hefði verið farið í slíka framkvæmd nú þegar og aðrir nefndu að ekki hefðu allir kost á að reisa slíkar virkjanir. Hugmyndir um byggingu smávirkjana nutu því nokkurrar hylli meðal þátttakenda á íbúafundi og var stillt upp sem valkosti við stærri virkjanir.

Þátttakendur studdust oft við söguleg dæmi af virkjanaframkvæmdum máli sínu til stuðnings. Þannig var nefnt að að Skaftfellingar væru frumkvöðlar í raforkuframleiðslu. Í framhaldi taldi einn þátttakandi mikilvægt að þeir ættu virkjun en annar minntist á sömu sögu og sagði að þeir ættu því að halda sig við byggingu smávirkjana fyrir svæðið í stað þess að byggja stórvirkjanir. Nokkrir töluðu um að framkvæmdaröðin í Skaftárhreppi ætti að vera svipuð þeirri sem var fyrir austan, þar sem kaupandi að orkunni fannst áður en hafist var handa við að virkja. Sömuleiðs var spurt hvort íbúar á Austurlandi borgi lægra raforkuverð eftir að virkjað var þar. Einn þátttakandi nefndi að raforka Skaftárhrepps væri þegar tryggð þar sem hægt væri að sækja raforku til margra svæða á landinu. Nokkrum sinnum var minnst á virkjanir í Þjórsá. Þeir sem gerðu það töldu ekki mikla uppbyggingu hafa fylgt á því svæði og var reynsla Ásahrepps sérstaklega nefnd í því samhengi. Nokkuð algengt virðist vera að íbúar í Skaftárhreppi setji möguleika á virkjunum í sveitarfélaginu í samhengi við reynslu annarra af virkjanaframkvæmdum og eru þau dæmi oft notuð sem frekari rökstuðningur við hina ýmsu málstaði.

Nokkuð var rætt um aðrar tegundir orkuframleiðslu á íbúafundinum. Vindorka hlaut mesta umfjöllun af hálfu þátttakenda, oft sem sú tegund sem væri eftirsóknarverðust. Almennt virtist vera frekar

jákvætt viðhorf til vindorku og það talið kostur að hún myndi ekki valda óafturkræfum umhverfisbreytingum. Þó var nefnt að hún væri ekki stöðug og endurspeglun og hljóðmengun fylgdi vindmyllum. Ummæli um vatnsaflsvirkjanir voru sömuleiðis nokkuð jákvæð en sumir tefldu fram kostum rennslisvirkjana umfram virkjanir sem þarfnast uppistöðulóna vegna þess að þær hefðu lítil umhverfisáhrif. Nokkrir lýstu yfir áhuga á að jarðvarma-, sjávarfalla- og sólarorkuframleiðsla yrði könnuð frekar, þó bent hafi verið á að framleiðsla rafhlaðna og panela til að virkja sólarorku væru fylgdi mikil mengun. Vindorka var því sá kostur sem oftast var teflt fram gegn vatnsaflsvirkjunum, þó viðhorf til vatnsaflsvirkjana hafi almennt verið nokkuð jákvætt.

Ýmislegt annað var nefnt í tengslum við orkuframleiðslu. Nokkrir ræddu kostnaðarflokkun sem fulltrúi Orkustofnunar hafði kynnt í upphafi fundar. Nefnt var að taka þyrfti tillit til fleiri þátta en kostnaðarflokkunarinnar, að ólíklegt væri að ráðist yrði í virkjanir sem væru neðarlega í kostnaðarröðuninni og að kostnaðarflokkun virkjana í Skaftárhreppi hafi komið þátttakendum á óvart. Þá tjáðu nokkrir að þeir ættu erfitt með að átta sig á umfangi framkvæmdanna, að lítið myndi breytast eða ástandið versna í sveitarfélaginu ef ekki væri virkjað, að mögulegt væri að bæta afköst eldri virkjana og að of margar virkjanir á Íslandi væru á gosbeltinu. Einhverjir ræddu um eignarhald á fyrirhugaðri virkjanaframkvæmd sem væri í einkaeigu og töldu að hagnaðurinn ætti ekki að renna til einkaaðila. Annað sem nefnt var í tengslum við orkuframleiðslu var að hafa í huga langtímasjónarmið og sjálfbærni og spurt var hvað yrði um umframorku sem búin væri til í virkjununum.

Þátttakendur höfðu margir hverjir skoðanir á því hvernig væri best að háttta orkuframleiðslu, en þessar skoðanir virðast margar vera í mótun og eru oft settar fram sem spurningar fremur en fullyrðingar. Fleiri vildu staðsetja virkjanir fjær byggð en nær og smávirkjanir nutu hylli margra þátttakenda. Þá var nokkuð deilt um þörfina á því að auka orkuframleiðslu á svæðinu sem og á landinu öllu. Af öðrum virkjanakostum en vatnsaflsvirkjunum virðist vindorkuframleiðsla njóta mestrar hylli. Skoðanir um orkuframleiðslu virðast vera í mótun hjá mörgum þátttakendum og oft er sótt í reynslu af fyrri virkjanaframkvæmdum á landinu til að styðja við þær.

Orkuframleiðsla – Munur á virkjanakostum

Hlutverk rammaáætlunar er að flokka virkjanakosti og því voru þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi beðnir um að gera grein fyrir því hvort þeir teldu einhverja virkjanakosti í sveitarfélaginu ákjósanlegri en aðra og hvers vegna þeir teldu svo vera. Þeir virkjanakostir sem voru helst til umræðu á íbúafundinum voru Búlandsvirkjun og tvær útfærslur

af Hólmsárvirkjun. Umræður þessar áttu sér stað undir lok fundar, en þátttakendur lýstu einnig skoðunum sínum á virkjanakostum undir öðrum umræðuliðum. Heldur meiri umræður voru um Búlandsvirkjun en Hólmsárvirkjun, þar sem þátttakendur töldu hana meiri áhrif á íbúa. Fjölmargar ástæður voru gefnar fyrir stuðningi eða andstöðu við tiltekna virkjanakosti og virkjanir almennt.

Í umræðunum hér að neðan er aðallega lýst skoðunum þeirra sem höfðu ákveðnar ástæður fyrir því að gera greinarmun á virkjanakostum. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að margir þátttakendur tóku ekki afstöðu til þess hvort einn virkjanakostur væri ákjósanlegri en annar. Þannig nefndu margir að enginn þeirra virkjanakosta sem til umræðu voru væri góður og einhverjir nefndu að byggja ætti báðar virkjanirnar. Margir töldu sig ekki hafa kynnt sér virkjanakostina nægilega vel til að taka afstöðu til þeirra og vildu því ekki gera greinarmun á þeim að svo komnu máli. Stór hópur þátttakenda hafði því annað hvort mótað sér sterka skoðun með eða á móti virkjunum þeim sem til umræðu voru, eða átti eftir að móta sér skoðun og tóku því ekki afstöðu til spurningarinnar.

Margt var nefnt á almennum nótum um mun á virkjanakostum. Þar ber helst að nefna að umhverfisáhrif virkjana ættu að vera sem minnst og einnig nefndu nokkrir að kostur væri að virkja þar sem fáir færu um. Annað sem talið var skipta máli við að mynda sér skoðun á virkjanakostum var hversu mikið einstaklingar telja sig hagnast á þeim og hvernig virkjanir væru metnar í kostnaðarflokkun. Einnig komu fram þær skoðanir að minni virkjanir væru ákjósanlegri en stærri, að ókostur væri að virkja í jökulám samanborið við bergvatnsár og að það skipti máli hverjir framkvæmdaaðilar séu.

Mikið var rætt um kosti og galla Búlandsvirkjunar. Nokkrir töldu neikvætt að áætlað væri að virkjunin yrði byggð og rekin af einkaaðilum, en aðrir töldu jákvætt að áætlað væri að sveitarfélagið og landeigendur fengju hluta af hagnaði virkjunarinnar. Nokkuð var þó á reiki hversu stórt hlutfall hagnaðar myndi falla sveitarfélaginu í skaut. Virkjunin þótti einnig koma vel út í kostnaðarflokkun virkjana. Margir nefndu umhverfisáhrif virkjunarinnar sem ókost, þar á meðal að gera þyrfti stórt uppistöðulón, að jökulhlaup myndu verða í ánni, hætta væri á flóðum, beitiland færi undir vatn og að sveiflur í vatnsmagni myndu valda rofi á árbökkum. Töldu margir þátttakendur Hólmsárvirkjun vera betri kost hvað umhverfisbreytingar varðar. Hins vegar var það einnig nefnt að Búlandsvirkjun myndi verja land fyrir vatni sem flæddi oft yfir bújarðir. Virkjunin var talin hafa áhrif á fleiri íbúa og landeigendur en Hólmsárvirkjun og einn þátttakandi benti á að Skaftá renni um allt sveitarfélagið og væri því ekki einkamál þeirra sem búa við virkjunina. Önnur samfélagsleg áhrif sem nefnd voru í tengslum við Búlandsvirkjun voru að hún hefði valdið meiri deilum innan sveitarfélagsins en aðrir

virkjanakostir og að halda þyrfti fleiri fundi til að kynna virkjunarkostinn. Af umræðum á íbúafundi má því ráða að Búlandsvirkjun sé nokkuð umdeildur virkjunarkostur meðal íbúa í sveitarfélaginu.

Hólmsárvirkjun með miðlunarlón við Atley var oft nefnd sem ákjósanlegasti virkjunarkosturinn í sveitarfélaginu. Önnur útfærsla virkjunarinnar var talin skaða náttúruna of mikið. Kostir Hólmsárvirkjunar með miðlunarlón við Atley voru helst taldir vera að minni umhverfisáhrif yrðu en við aðrar virkjanir. Þar væri minna gróið land sem færi undir vatn og vatnið myndi enda í gljúfri. Framkvæmdirnar voru taldar hafa áhrif á færri, meiri sátt væri meðal landeiganda um virkjunina en aðra virkjanakosti og að þeir hefðu þegar verið búnir að láta land undir virkjunina. Á móti var nefnt að virkjunin væri á áhrifasvæði Torfajökuls, sem hugsanlega væri á leið á heimsminjaskrá, að náttúruperla færi undir vatn og að ekkert manngert væri á svæðinu og því ætti ekki að breyta. Hólmsárvirkjun með miðlunarlón við Atley var sá virkjunarkostur sem flestir nefndu sem ákjósanlegastan í Skaftárhreppi, einkum vegna lítilla umhverfisáhrifa, þó ekki hafi verið einhugur um þá skoðun.

Íbúar í Skaftárhreppi gera greinarmun á virkjunarkostum innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að hafa í huga að margir telja báða þá virkjunarkosti sem helst var fjallað um annað hvort góða eða slæma auk þess sem margir hafa ekki mótað sér skoðun á þeim enn. Helsti munurinn á virkjunarkostum var talinn felast í hversu mikil umhverfisáhrif þeir myndu hafa en einnig voru margir sem nefndu áhrif virkjanakostanna á íbúa. Hólmsárvirkjun með miðlunarlón við Atley var oftast nefnd sem ákjósanlegur virkjunarkostur en Búlandsvirkjun, þó margir þátttakendur hafi lýst bæði jákvæðri og neikvæðri afstöðu til beggja virkjunarkosta. Ljóst er að íbúar meta áhrif virkjana út frá fjölbreyttum forsendum og að þeir gera greinarmun á virkjanakostum út frá afstöðu sinni til innbyrðis mikilvægis þessara atriða.

Nýting

Nýting orku var á meðal þess sem þátttakendur á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi ræddu mest sín á milli. Sú umræða litaði marga aðra umræðuliði þar sem áhrif nýtingar voru talin vera mikil þegar skoða átti þær breytingar sem myndu verða á samfélaginu ef virkjað væri. Langsamlega stærstur hluti þessara umræðna laut að því hvort orkan yrði nýtt í nærsamfélagi virkjananna, þá helst í tengslum við atvinnuuppbyggingu. Einnig voru nokkrar umræður um stóriðju og annan iðnað, sem og lagningu sæstrengs og fjölda annarra atriða.

Umræður um nýtingu orku þeirrar sem myndi vera framleidd í Skaftárhreppi ef virkjað væri komu fyrir í mörgum umræðuliðum, en nýting orkunnar innan sveitarfélagsins var það efni sem kom áberandi oftast fyrir, hvort sem litið er til umræðna um nýtingu eða til fundarins sem heildar. Þó nýting í nærsamfélagi hafi verið það umræðuefni sem kom langsamlega oftast fyrir var það ekki vegna þess að umdeilt væri hvort það myndi hafa jákvæð áhrif að nýta orkuna í sveitarfélaginu, enda var það skoðun nánast allra þátttakenda, heldur hvort mögulegt væri að nýta hana innan sveitarfélagsins. Nokkrir nefndu að aðalatriði væri ekki að nýta orkuna innan sveitarfélagsins, heldur innanlands og að þeir myndu ekki setja sig upp á móti því að orkan væri framleidd á svæðinu en notuð annars staðar.

Mikilvægi nýtingar í nærsamfélagi í hugum þátttakenda kom berlega í ljós, þar sem hún var alla jafna nefnd sem forsenda fyrir ýmsum samfélagslegum breytingum, t.d. hvað varðar atvinnumál og þjónustu á svæðinu. Margir lýstu þó yfir efasemdum um að mögulegt væri að nýta orkuna innan sveitarfélagsins. Helsta ástæða þess var að fólk taldi að orkan yrði seld inn á landsnetið þar sem ekki væri hægt að ráða hver fengi að nýta hana. Á hinn bóginn voru margir sem höfðu trú á að orkan myndi nýtast innan sveitarfélagsins. Meðal þess sem nefnt var í því samhengi var að raforkuöryggi yrði tryggt, að dreifikerfi rafmagns yrði bætt, þriggja fasa rafmagni komið á og að hægt væri að reisa gagnaver. Vöntun á höfn var eitt af því sem helst var talið standa því fyrir þrifum að hægt væri að nýta orkuna í Skaftárhreppi þar sem stóriðja myndi krefjast hafnar. Þátttakendur höfðu áhuga á að vita hvort faghópurinn mæti það virkjuninni til tekna ef orkan væri nýtt í nærsamfélaginu. Nýting í nærsamfélagi var því það þema sem var mest áberandi í umræðum á íbúafundi um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi, enda var hún talin forsenda margra þeirra breytinga sem ræddar voru á fundinum.

Annað þema sem mikið var rætt í tengslum við nýtingu orku var stóriðja. Flestir þeirra sem tjáðu sig um stóriðju á íbúafundinum virtust vera andvígir henni, þó ekki hafi verið einhugur um þá afstöðu. Álver voru sérstaklega nefnd í því samhengi, en einhverjir nefndu að þeir væru ekki andvígir stóriðju, þó þeir vildu ekki sjá fleiri álver. Nefnt var að mjög stórt hlutfall þeirrar orku sem framleidd er í landinu sé notuð af stóriðjufyrirtækjum og því myndi orkuframleiðsla af þeirri stærðargráðu sem rætt var um á íbúafundinum að öllum líkindum vera notuð til sambærilegrar starfsemi. Talið var að stóriðja myndi byggjast upp á suðvesturhorni landsins þar sem innviði og mannafla skorti til að byggja upp slíka starfsemi á landsbyggðinni. Þó var nefnt að álverið á Reyðarfirði hafi haldið rafmagni þegar rafmagnslaust varð á svæðinu. Þetta benti til þess að hægt væri að tryggja að orkan væri notuð til atvinnustarfsemi í nærsamfélaginu. Nokkrar umræður spunnust einnig um fréttaplutning af mögulegri lokun álversins í Straumsvík, sem virðist hafa haft

neikvæð áhrif á viðhorf þátttakenda til starfseminnar, vegna meintrar hótunar um að lokað yrði ef ekki væri farið að vilja fyrirtækisins, auk þess sem efast var um þörf þess að virkja í Skaftárhreppi ef álverinu væri lokað. Viðhorf gagnvart minni iðnaði virðist hafa verið ívið jákvæðara, sem og stóriðju sem mengaði lítið. Þátttakendur töldu almennt fremur ólíklegt að stóriðja myndi vera byggð upp í sveitarfélaginu og flestir sem tjáðu sig um málið voru andvígir uppbyggingu frekari stóriðju, þó margir hafi verið jákvæðir gagnvart möguleikum á uppbyggingu minni iðnaðar á svæðinu.

Umræður um sæstreng þar sem orka yrði seld til annarra landa var nokkurn veginn öll á þann veginn að þátttakendur lýstu sig mjög andvígi þeirri framkvæmd. Flestir voru á þeirri skoðun að sæstrengur myndi koma í veg fyrir uppbyggingu á Íslandi, sérstaklega á þeim forsendum að störfum myndi fækka. Sömuleiðis væri ekki eftirsóknarvert að vera frumframleiðandi fyrir aðrar þjóðir. Nokkrir tjáðu þá skoðun að sæstrengur myndi valda auknum þrýstingi á frekari virkjanaframkvæmdir. Einn þátttakandi lýsti þó þeirri skoðun að rétt væri að flytja út raforku til að minnka mengandi raforkuframleiðslu í öðrum löndum. Almennt virðist andstaða við lagningu sæstrengs vera það sem flestir á íbúafundinum komu sér saman um.

Eftirspurn eftir orku var meðal þeirra spurninga sem brunnu á mörgum þátttakendum. Þeir töldu flestir að sýna þyrfti fram á að orkan myndi vera notuð í tiltekin verkefni áður en virkjað væri. Töldu margir að ekki væri þörf á virkjunum í Skaftárhreppi til að sjá sveitarfélaginu fyrir þeirri orku sem þyrfti til að byggja upp atvinnustarfsemi þar og aðrir nefndu að ekki væri þörf á meiri orkuframleiðslu í landinu. Aðrir nefndu þó að hætta væri á að raforkuskortur yrði í landinu. Í það minnsta bar mikið á því sjónarmiði að íbúar vildu vita í hvað orkan færi áður en virkjanaframkvæmdir hefðust.

Margt annað var nefnt í umræðum um nýtingu raforku. Skýrt var að þátttakendur veltu nýtingu orku mikið fyrir sér og að þeir höfðu sterkar skoðanir á því hvernig nýtingu ætti að vera háttáð. Þeir sem hlynntir voru virkjunum bentu alla jafna á þetta atriði sem það mikilvægasta þegar taka ætti ákvörðun um virkjanaframkvæmdir. Nefnt var að áhrif virkjana næðu víðar en til virkjunarinnar sjálfar og lónsins, þær hefðu áhrif á allt sveitarfélagið, sérstaklega ef orkan væri nýtt þar. Ein vinsælasta nýtingarhugmyndin var bygging gagnavers, en talið var að því myndi fylgja störf fyrir menntað starfsfólk. Nefnt var að mestu skipti hvaða verð fengist fyrir orkuna.

Nýting orkunnar var meðal þeirra spurninga sem brunnu helst á þátttakendum á íbúafundinum, enda var hún af mörgum talin mikilvæg forsenda þess að ræða aðra liði sem til umræðu voru. Sérstaklega var áberandi að samfélagslegar breytingar voru taldar háðar því hvort orkan yrði nýtt í nærsamfélaginu eða ekki og voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort sú yrði raunin. Viðhorf

Þátttakenda til stóriðju og sæstrengs voru fremur neikvæð en annars konar atvinnuuppbygging talin mjög eftirsóknarverð. Margir vildu sömuleiðis vita hvaða starfsemi myndi nota orkuna og hvort yfir höfuð væri þörf á henni áður en þeir mótuðu sér endanlega afstöðu til virkjanaframkvæmda í sveitarfélaginu. Þannig virðist nýting orku vera eitt það atriði sem mestu skiptir varðandi virkjanaframkvæmdir í hugum íbúa í Skaftárhreppi.

Samráð

Á íbúafundinum voru nokkrar umræður um samráð við íbúa, umfang þess og gagnrýni á það auk þess sem talsvert var rætt um samráð við landeigendur. Þátttakendur virtust sammála um að samráð væri af hinu góða og margir töldu að þörf væri á meira samráði um virkjanakosti og framkvæmdir. Fram kom að mörgum þótti sem þá skorti upplýsingar til að taka afstöðu til virkjanakosta.

Aðspurðir um það samráð sem hefði verið haft við íbúa um virkjanaframkvæmdir nefndu þátttakendur íbúafundi sem haldnir hefðu verið. Nokkrir bentu á að fundir væru ekki það sama og samráð, þar sem oft væri einungis verið að kynna framkvæmdir fyrir íbúunum frekar en að fá fram sjónarhorn þeirra. Bent var á að mismunandi væri hvernig samráði hefði verið háttað eftir því hvort um væri að ræða sveitarstjórnina, rammaáætlun eða framkvæmdaaðilana. Náttúrverndarsamtök höfðu fengið kynningu frá Landsvirkjun. Einnig var greint á milli þess samráðs sem haft hefði verið við landeigendur og samráðs við aðra íbúa. Talað var um að töluvert meira samráð hefði verið haft við landeigendur en aðra íbúa. Hins vegar var bent á að virkjanakostir færu í ákveðið auglýsingaferli og að allir hefðu kost á að kynna sér málin ef þeir hefðu áhuga á. Einn þátttakandi sagði að það hefði fólk hins vegar ekki gert og var ekki viss um hvernig ætti að breyta því. Annar sagði að þeir sem hefðu áhuga á eða hagsmuni af virkjanaframkvæmdum skoðuðu málin.

Í umræðu um hvernig samráð ætti að vera voru flestir á þeirri skoðun að samráð við íbúa á svæðinu væri af hinu góða og að best væri að hafa sem mest samráð. Talað var um mikilvægi þess að kynna virkjunarkosti betur fyrir íbúum og taldi einn þátttakandi vanta góða kynningu t.d. frá Landsvirkjun. Annar taldi hins vegar skipta máli að fá kynningu á virkjanaframkvæmdum frá óháðum aðila. Einnig var nefnt mikilvægi þess að kynna allar hliðar mála. Sömuleiðis var rætt um nauðsyn þess að kanna hug íbúa gagnvart framkvæmdunum. Nokkrir töldu að samfélagið hefði gott af samtali líkt og átt hefði sér stað á íbúafundinum. Fólk hefði gott af því að koma saman og ræða málin og styrkja þannig tengslin. Bent var á að gott væri að umræðan væri hófstíllt. Einn þátttakandi sagði að íbúar ættu að geta stoppað virkjunarferlið ef þeir væru á móti

framkvæmdunum. Annar efaðist hins vegar um að íbúar gætu haft áhrif á virkjanaferlið þar sem búið væri að ákveða hvernig það færi. Enn annar benti á að sundrung gæti skapast í samfélaginu sama hvernig staðið væri að samráði. Bent var á það að þjóðin í heild ætti sömuleiðis að hafa eitthvað um ákvörðunina að segja. Virkjanir væru það stórt mál að þær væru ekki einkamál þeirra sem byggju í landshlutanum, allir ættu að eiga rétt á að tjá sig um málið.

Nokkur gagnrýni kom fram á það samráð sem þegar hefði verið haft við íbúa um virkjanaframkvæmdir á svæðinu. Helst voru íbúar á því að samráð þyrfti að vera meira. Margir töldu sig ekki nógu vel upplýsta um virkjanakosti til að taka afstöðu til þeirra. Spurt var hver bæri ábyrgð á að koma upplýsingum til íbúa, Orkustofnun eða sveitarfélagið. Einn þátttakandi benti á að frekari upplýsingar um áhrif virkjana og tilboð framkvæmdaaðila myndu breyta afstöðu fólks til hins betra þegar það sæi hversu mikill hagur væri af virkjun. Annar taldi að með auknu samráði væri hægt að leysa mörg þau mál sem andstæðingar virkjana töluðu um, t.d. væri hægt að bæta tjón á landi vegna foks með áburði og greiða bætur fyrir neikvæð áhrif af virkjun.

Það samráð sem haft var við landeigendur var sérstaklega gagnrýnt. Bæði kom fram óánægja með að samráð við landeigendur hefði verið meira en við almenna íbúa á svæðinu og að meira samráð þyrfti að hafa við landeigendur. Nokkrir ræddu um það hvernig orkufyrirtæki hefðu haldið lokaða fundi með landeigendum og hagsmunaaðilum og almennir íbúar væru illa upplýstir um það sem þar færi fram. Bent var á að framkvæmdaaðilar hefðu aðallega haft samráð við landeigendur á áhrifasvæði virkjananna. Þannig hefði Suðurorka fyrst leitað eftir samþykki landeigenda áður en kannað var hvað almennum íbúum fyndist um framkvæmdirnar. Á hinn bóginn var bent á að ósanngjarnt væri að landeigendum hefði verið skammtaður tími, hverjum í sínu lagi, í viðræðum um málið. Meira samráð þyrfti að hafa við hagsmunaaðila, bæði bændur og eigendur veiðiréttar á svæðinu. Talað var um að mestu skipti að landeigendur væru sáttir við virkjanakosti sem hefðu áhrif á þeirra landi. Aðrir töldu það ekki vera mál landeigenda að ráða niðurstöðunni þar sem virkjanir hefðu áhrif á svæðið allt.

Fram kom óánægja með að samráð hefði ekki farið fram fyrr og áður en virkjanakostir voru settir í rammaáætlun. Einn þátttakandi upplifði ferlið þannig að virkjanir væru í raun þegar samþykktar og tilbúna í framkvæmd. Hins vegar var einnig gagnrýnt að ferillinn hefði verið of langur því umræður um virkjanakosti héldu áfram að valda deilum í samfélaginu þar til ákvörðun yrði verið tekin. Einnig kom fram að erfitt hefði verið að taka við öllum þeim upplýsingum sem fólust í kynningu Orkustofnunar á íbúafundinum og vantraust á tæknilega útreikninga.

Ljóst er að þrátt fyrir að haldnir hafi verið íbúafundir virtust flestir þátttakendur sammála um að aukins samráðs væri þörf. Bent var á að ekki væri sama hvernig samráð færi fram, þannig væri nauðsynlegt að fá fram skoðanir íbúa frekar en að halda fyrirlestra. Nokkrir lýstu óskum um að vera betur upplýstir um virkjanakosti og sumir töldu að frekari upplýsingar myndu leiða af sér aukinn stuðning við virkjanaframkvæmdir. Rætt var um að samráð við landeigendur sniðgengi almenna íbúa en einnig að landeigendur ættu rétt á frekari samráði. Einhverjir töldu samráð hafa þurft að fara fram fyrir og aðrir höfðu áhyggjur af áhrifum ferlisins á samstöðu innan samfélagsins. Það sem helst stendur upp úr er að íbúar Skaftárhrepps hafa áhuga á frekara samráði um virkjanaframkvæmdir.

Íbúafundur

Loks er vert að víkja að þeim mörgu ummælum sem féllu um íbúafundinn sjálfan. Margir þátttakendur lýstu yfir ánægju með fundinn og töldu góðar umræður hafa átt sér stað á honum. Þó voru nokkur atriði sem þóttu gagnrýniverð, en flest ummælin benda til þess að þátttakendur hafi haft ánægju af því að ræða samfélagsleg áhrif virkjana með þessum hætti.

Margir þátttakendur lýstu yfir ánægju með að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í ferlinu og tjá skoðanir sínar á því og vildu sumir meina að kannski ætti að halda fleiri kynningarfundum af hálfu rammaáætlunar. Nefnt var að gott væri að tekið væri tillit til samfélagslegra áhrifa við gerð rammaáætlunar sem hafi ekki verið gert áður. Hvað gæði umræðanna varðar var nefnt að það hafi verið gott að fá fram ólík sjónarmið og að fundurinn gefi fólki tækifæri á að skilja rökin á bak við andstæð sjónarmið. Þátttakendur voru ekki á einu máli um hvort þetta væri fyrsti fundurinn sem haldinn hafi verið til samráðs við íbúa. Einn þátttakandi nefndi að aðrir kynningarfundir hafi ekki falið í sér samráð heldur einungis lýsingar á því sem fólk ætlaði sér að gera.

Það sem helst þótti gagnrýniverð við fundinn var að fólk væri ekki nógu vel upplýst um virkjanakosti til að taka afstöðu til þeirra spurninga sem spurt var í spurningakönnun sem framkvæmd var í aðdraganda fundarins og að fólk hafi átt erfitt með að svara spurningunum, sérstaklega eldra fólk. Einnig var bent á að sumir íbúar væru ánægðir með hugmyndir um smávirkjanir, en ekki stærri virkjanir sem voru helst til umræðu á íbúafundinum. Nefnt var að fundurinn hefði þurft að fara fyrir fram og sömuleiðis komu fram efasemdir um að íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana hefði nokkur áhrif þar sem þegar væri búið taka ákvarðanir um virkjanaframkvæmdir. Aðrir íbúafundir hefðu ekki haft áhrif á virkjanaferlið og ekki skýrt fyrir íbúum hvernig þeir gætu haft áhrif. Aðrir

nefndu að þó íbúafundur um samfélagsleg áhrif hefði verið af hinu góða þyrfti að kynna virkjunarkostina betur fyrir íbúum.

Þátttakendum virðist því almennt hafa þótt gagn af fundinum en telja margir að enn betur þurfi að gera hvað samráð við íbúa varðar. Margir óskuðu eftir frekari upplýsingum um málið og betri kynningum, sem og að fjalla þyrfti um fleiri hliðar málsins en samfélagsleg áhrif. Íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana hefur því vonandi verið jákvætt framlag til umræðna um virkjanamál í Skaftárhreppi þó þeim sé hvergi nærri lokið.

Samantekt

Íbúafundur um samfélagsleg áhrif virkjana í Skaftárhreppi var liður í starfi faghóps um samfélagsleg áhrif virkjana. Vinnan mun nýtast við þróun aðferða til að meta með hvaða hætti virkjanir geta haft áhrif á samfélagið. Markmið fundarins var að heyra sem flest sjónarhorn um málefnið og þar sem fjölbreyttar umræður fóru fram á fundinum má telja víst að gagn verði af þeim niðurstöðum sem þar fengust. Þátttakendum á íbúafundi er því sérstaklega þakkað framlag sitt á fundinum.

Meðal þess sem er áhugavert við aðferðafræði þá sem beitt var í tengslum við íbúafundinn, er að með fyrirhugningu spurningakönnunar þegar haft var samband við mögulega þátttakendur er hægt að skoða bæði dreifingu skoðana á nokkrum atriðum í sveitarfélaginu sem heild og að kafa dýpra í þessi atriði með umræðum á fundinum sjálfum. Þegar niðurstöður fyrir Skaftárhrepp eru skoðaðar kemur í ljós nokkur munur á niðurstöðum sem aflað er með þessum aðferðum. Þannig virðist vera mikil dreifing skoðana í sveitarfélögunum hvað varðar flest atriði. Margir telja áhrif af virkjunum vera jákvæð en sömuleiðis telja margir þau vera neikvæð. Hópurinn sem er jákvæður er almennt fjölmennari, en töluverður munur er eftir því hvaða atriði eru skoðuð. Þessar niðurstöður einar og sér benda til þess að áhrif virkjana séu umdeild en umræður á íbúafundinum gefa betur til kynna hvers vegna svo er.

Við fyrstu sýn virðast umræður á íbúafundinum hafa verið nokkuð ólíkar niðurstöðum spurningakönnunarinnar sem lögð var fyrir íbúa í sveitarfélaginu að því leyti að töluvert fleiri neikvæð atriði eru nefnd en jákvæð í umræðum á íbúafundinum. Á íbúafundinn komu þátttakendur með fjölbreyttar skoðanir á virkjanamálum saman til að ræða samfélagsleg áhrif virkjana en almennt séð virðast þeir telja samfélagsleg áhrif virkjana ívið neikvæðari en aðrir íbúar sveitarfélagsins, þó ekki sé hægt að fullyrða um þennan mun með tölfræðilegum aðferðum. Því er vert að

gefa sérstakan gaum að því hvers vegna munur getur verið á þátttakendum á íbúafundi og þeim sem heima sátu.

Í fyrsta lagi er vert að hafa í huga að þeir sem hafa áhuga á efni fundarins eru líklegri en aðrir til að mæta á fundinn og tjá sig á honum og því geta umræður litast af því að þátttakendur hafi sterkari skoðanir á málefnum. Í öðru lagi var reynt að fjalla um sem flest atriði, þó sum þeirra hafi ekki verið nefnd í umræðum í sumum umræðuhópum. Í þriðja lagi má gera sér í hugarlund að stuðningur við virkjanaframkvæmdir ráðist af fáum atriðum sem vega þungt í huga þeirra sem þær styðja. Á hinn bóginn er mögulegur fjöldi þeirra atriða sem hægt er að hafa áhyggjur af, þegar jafn víðtækt málefni og samfélagsleg áhrif virkjana eru skoðuð, gífurlegur. Því er mikilvægt við túlkun á niðurstöðum þessarar skýrslu að skoða þær í heild. Þannig er hvorki litið framhjá því að þeir eru fleiri sem telja að vatnsaflsvirkjanir í Skaftárhreppi muni hafa jákvæð áhrif á marga samfélagslega þætti en telja að þær muni hafa neikvæð áhrif, né því að íbúar í sveitarfélaginu hafa áhyggjur af mörgu sem huga þarf sérstaklega að þegar áhrif virkjana eru metin.

Umræðurnar voru fjölbreyttar en nokkur þemu skáru sig úr að því leyti að þau voru mest rædd af þátttakendum á íbúafundi. Ber þar að helst að nefna að margir lögðu áherslu á að orkan kæmi íbúum á svæðinu til góða, sérstaklega hvað atvinnuuppbyggingu varðar. Önnur áberandi þemu voru að skoða þyrfti samspil virkjana við aðrar atvinnugreinar, sér í lagi ferðaþjónustu og landbúnað, að bæta þyrfti dreifikerfi rafmagns í sveitarfélaginu og að sumir íbúar væru andsnúnir vatnsaflsvirkjunum á svæðinu vegna umhverfisverndarsjónarmiða. Einnig var ræddur munur á virkjanakostum, þar sem reynt var að ná fram hvað réði helst afstöðu til þeirra. Umhverfisáhrif virkjana og áhrif þeirra á íbúa voru taldir veigamestu þættirnir í þeim efnum. Þessi þemu voru skýrustu dæmin um það sem brennur á íbúum í Skaftárhreppi, en fjölmargt annað var nefnt sem taka þarf til skoðunar.

Niðurstöður íbúafundar um samfélagsleg áhrif virkjana eru áhugaverðar og sýna að þrátt fyrir að ekki sé auðvelt að meta samfélagsleg áhrif virðist vera þörf á því. Samanburður milli svæða er mikilvægur og nú er hægt að greina mun á afstöðu íbúa við Þjórsá og í Skaftárhreppi. Auk þess er áhugavert að gera skoðanakannanir sem mæla fleiri atriði sem tengjast samfélagslegum áhrifum virkjana. Ljóst er að huga þarf að mörgu þegar samfélagsleg áhrif virkjana eru skoðuð. Þrátt fyrir að svo virðist sem fleiri íbúar sveitarfélaganna við Þjórsá telji að mörg áhrif virkjana verði jákvæð fremur en neikvæð, þá leiddu umræður íbúa í ljós margvísleg samfélagsleg áhrif sem þarf að huga að.

VIÐAUKI

Umræðurammi

Íbúafundur um virkjunarkosti í Skaftárhreppi

14:15-15:45 Umræður – Kostir og gallar virkjanakosta og samfélagsleg áhrif

Fyrirmæli	Spurningar / efni	Afrakstur
<p>14:15-14:25</p> <p>U.þ.b. 10 mín.</p> <p><i>Byrjið á að kynna ykkur sjálf og ferlið stuttlega – farið síðan hringinn og biðjið alla þátttakendur á borðinu að kynna sig stuttlega.</i></p>	<p>1. Kynning</p> <p>Umræðustjóri</p> <ul style="list-style-type: none"> Nafn Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands Óháður aðili <p>Ferlið</p> <ul style="list-style-type: none"> Nafnleyndar og trúnaðar er gætt Engin rétt eða röng svör Allar skoðanir eru jafn mikilvægar og við virðum skoðanir hvers annars Slökkva á farsímum Einn talar í einu Allir óhræddir að segja sína skoðun – allir taka þátt Engin ein skoðun rétt Fólk þarf ekki að vera sammála Hafið gaman af umræðunum! <p>Þátttakendur</p> <ul style="list-style-type: none"> Nafn, starf <p>Kaflaskipting umræðna (ef þið viljið kynna í upphafi)</p> <ul style="list-style-type: none"> Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála Samfélagsleg áhrif Efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir Orka og nýting hennar Samantekt 	<p><i>Kynning á umræðustjóra, ritara, ferlinu og þátttakendum</i></p>

<p>14:25-14:30</p> <p>U.þ.b. 5 mín</p> <p>Koma umræðum af staða, reyna að fá sem flesta til að tjá sig fljótlega um almenn viðhorf.</p>	<p>2. Almenn viðhorf til nýtingar- og umhverfismála</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvað þykir ykkur skipta mestu máli þegar tekin er ákvörðun um virkjanaframkvæmdir? 	<p><i>Fá fram umræður um viðhorf til nýtingar- og umhverfismála að undirbúa fólk fyrir frekari umræður um áhrif virkjana á samfélög. Gott að sem flestir þátttakendur tjái sig í upphafi fundar.</i></p>
<p>14:30-15:00</p> <p>U.þ.b. 30 mín.</p> <p>Biðja þátttakendur að ímynda sér hvaða félagslegu breytingar, í víðu samhengi, gætu átt sér stað ef farið verði í virkjanaframkvæmdir</p>	<p>3. Samfélagsleg áhrif</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða áhrif hafa umræður um virkjanir haft á samstöðu fólks í Skaftárhreppi? • Hvaða áhrif myndu virkjanir hafa á daglegt líf íbúa í Skaftárhreppi? <ul style="list-style-type: none"> • Á karla og konur? • Á ungt fólk og gamalt • Eftir búsetu (þéttbýli/dreifbýli)? • Hvaða áhrif myndu breytingar á náttúru í Skaftárhreppi hafa á heilsu og hamingju íbúa? • Hvaða samfélagslegu áhrif hefur það að virkja ekki í Skaftárhreppi? • Hvaða áhrif myndu virkjanir hafa á fjölda íbúa í sveitarfélaginu? - Hvaða áhrif hafa mannfjöldabreytingar í Skaftárhreppi á framkvæmdatímanum? En að framkvæmdum loknum? 	<p><i>Hvaða áhrif hafa virkjanir í Skaftárhreppi á samfélagið?</i></p>
<p>15:00-15:10</p> <p>U.þ.b. 10 mín.</p> <p>Biðja þátttakendur að ímynda sér hvaða breytingar eigi sér stað á efnahag, þjónustu og hverjar tengdar framkvæmdir gætu verið.</p>	<p>4. Efnahagsleg áhrif, opinber þjónusta og tengdar framkvæmdir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða efnahagslegu áhrif myndu virkjanir hafa á íbúa í Skaftárhreppi? En á fjárhag sveitarfélagsins? • Hvaða efnahagslegu áhrif myndi það hafa að virkja ekki í Skaftárhreppi? • Með hvaða hætti teljið þið sanngjarnt að skipta fjárhagslegum ávinningi af virkjunum? 	<p><i>Fá fram hugmyndir fólks um hvaða breytingar verða á efnahagslífi sveitarfélaganna.</i></p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Hver verða áhrif virkjana á atvinnulíf í Skaftárhreppi? • Hvaða breytingar myndu eiga sér á opinberri þjónustu á framkvæmdatímanum? En að framkvæmdum loknum? T.d. vegakerfi, heilbrigðisþjónustu og löggæslu 	
<p>15:10-15:20</p> <p>U.þ.b. 10 mín</p> <p>Biðja fólk um að áætla hver áhrif af virkjanaframkvæmd um gætu orðið ef af þeim verður. Huga að því hvort einhver atriði varðandi nýting og framleiðslu breyti stuðningi eða andstöðu þeirra við virkjanir.</p>	<p>5. Orka og nýting hennar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða áhrif hefur það á afstöðu ykkar til virkjana hvar nýta á orkuna? T.d. í sveitarfélagi þátttakenda, öðrum sveitarfélögum nálægt Skaftárhreppi, landshluta eða annars staðar á Íslandi • Skiptir máli í hvað orkan er notuð? T.d. í stóriðju, aðra atvinnustarfsemi, seld um sæstreng • Hvaða tegund orkuframleiðslu er eftirsóknarverðust? T.d. vatnsorka, jarðhitaorka, vindorka • Skiptir máli hvar er virkjað? T.d. á hálendinu eða í næsta nágrenni við byggð 	<p><i>Að fá fram umræður um hvernig er best að nýta orku.</i></p> <p><i>Hvers konar orkuframleiðsla og –nýting hugnast þáttakendum best? Í hvað og hvar er ákjósanlegast að nota orkuna?</i></p>
<p>15:20-15:30</p> <p>U.þ.b. 10 mín</p> <p>Hefja umræður á fyrstu spurningunni (feitiletruðu). Reyna að fá fram sjónarmið um hvað veldur mismunandi stuðningi við virkjanakosti. Spyrja síðan um samráð við íbúa.</p>	<p>6. Virkjanakostir og samráð við íbúa</p> <ul style="list-style-type: none"> • Teljið þið einhverja virkjanakosti í sveitarfélaginu ákjósanlegri en aðra? hvers vegna? • Hvers konar samráð á að hafa við íbúa varðandi virkjanaframkvæmdir? • Hvers konar samráð hefur verið haft við íbúa í Skaftárhreppi varðandi virkjanir í sveitarfélaginu? 	<p><i>Að fá fram umræður um það hvort þátttakendur hafi ólíka afstöðu til tiltekinnna virkjanakosta og viðhorf þeirra til samráðs við íbúa.</i></p>

<p>15:30-15:45</p> <p>U.þ.b. 15 mín</p> <p>Biðja þátttakendur um að velja einn úr sínum hópi til að vera fulltrúi hópsins og bera upp spurningu til faghópsins ef þátttakendur vilja.</p> <p>Hafið í huga að það skiptir máli að draga fram hvaða þættir skipta þátttakendur mestu máli.</p>	<p>7. Samantekt</p> <p>Í lokin langar mig að biðja ykkur um að velja fyrir ykkur því sem við höfum rætt hingað til og reyna að draga umræðurnar saman.</p> <p>Gott væri að setja samantektina fram sem svar við spurningunni:</p> <p>Hvaða áhrif, jákvæð eða neikvæð, hafa virkjanir helst á Skaftárhreppi?</p> <p>Ef einhverjar spurningar hafa vaknað í þessum umræðum sem þið viljið bera upp fyrir fulltrúa faghópsins á eftir væri kjörið að bera þær upp í samantektinni, hópurinn velur 1 spurningu. Hópurinn velur fulltrúa til að bera upp spurningu.</p> <p>Fulltrúinn sem valinn var í upphafi samantektar kynnir samantektina og ber upp 1 spurningu til faghópsins, ef við á.</p> <p>Er eitthvað varðandi það sem við höfum rætt hér í dag sem ykkur liggur á hjarta og þið viljið koma á framfæri að lokum?</p>	<p><i>Gefa þátttakendum færi á að taka saman hugsanir sínar og koma því á framfæri sem e.t.v. hefur ekki verið rætt í hópnunum.</i></p> <p><i>Hver hópur velur sér fulltrúa til að kynna samantekt á umræðum hópsins sem svar við spurningunni og bera upp 1 spurningu til faghópsins, ef við á.</i></p>
<p>15:45-16:00</p>	<p>Spurningar bornar fram til faghóps. Fundarlok.</p>	

Spurningar umræðuhópa til faghóps

Borð 1: Mun þessi virkjunarframkvæmd lækka rafmagnsreikninga okkar?

Verður það faghópsins að taka tillit til allra þátta þriggja eða aðeins eins þátta? Eðli sjálfbærrar þróunar er að taka tillit til allra þátta. Hvernig verður niðurstaðan sett fram með tilliti til þessa, kemur þetta fram hjá faghópnum eða verkefnastjórninni?

Varðandi Suðurlínu, ef einhver vildi stofna stórt fyrirtæki, hversu mikið er hægt að taka af rafmagni þaðan án þess að virkja?

Borð 2: Er tekið tillit til Kötlu jarðvangs í vinnu faghópsins?

Borð 3: Hvað hefur þessi fundur mikið vægi á vinnu faghópsins – er skoðuð sagan eða tekið tillit til aðstæðna á svæðum þar sem sambærilegar aðstæður hafa verið í gangi?

Borð 4: Hvað skiptir mestu máli þegar ákvörðun er tekin um virkjanir: Til hvers á að nota orkuna og hvar?

Metur faghópurinn það virkjuninni í hag hvort hún sé nýtt í nærsamfélagi virkjunarinnar?

Borð 5: Hver er tímaramminn á þessu verkefni?

Borð 6: Það að samtal hafi farið fram milli Suðurorku og íbúa, eru það meðmæli til starfanna?

Borð 7: Er hægt að tryggja það að rafmagnið verði nýtt hérna heima?